



FRÉTTABLAÐIÐ



Það var allur gangur á því hvort vegfarendur ferðuðust á tveimur eða fjórum jafnfljótum í gær í Elliðaárdalnum, sem er sívinsæll útivistarstaður borgarbúa. Fólk kepptist við að drekka í sig síðustu sólarstundirnar í bili en hitinn fór upp í 17 gráður í Garðabæ eftir ískaldan morgun. Gul veðurviðvörðun tekur gildi í dag til hádegis en lengur á miðhálandinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

Verðbreytingar á matarkörfunni minni hér á landi

NEYTENDUR Verð á matarkörfunni breytist lítið milli júlí og ágúst hér á landi, mun minna en í Bretlandi og Frakklandi. Þetta kemur fram í verðkönnun sem Veritabus framkvæmdi í netverslunum í síðustu viku.

Veritabus kannaði 100 vörur í netverslunum. Þar sem verð vantaði var hilluverð í verslunum kannað.

Matarkarfan hér hækkaði um 0,15 prósent milli mánaða. Ávextir og grænmeti lækkuðu í verði og einnig kjöt og fiskur. Mjólkur- og drykkjarvörur stóðu að mestu í stað en mestu hækkanirnar voru í dósa- og þurrmat, sælgæti og snakki.

Talsverðar hækkanir virðast enn vera að koma inn í verðlag í Frakklandi og á Bretlandseyjum. **SJÁ SÍÐU 4**

Eftirspurn í ferðapjónustu hafi nánast verið of mikil

Formaður Samtaka ferðapjónustunnar segir að greinin hafi verið á gifurlegri siglingu og eftirspurnin nánast verið of mikil. Hún segir að bæði stjórnvöld og greinin þurfi að læra af þessari stöðu.

magdalena@frettabladid.is

FERÐAPJÓNUSTA Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðapjónustunnar, segir að ferðapjónustan hafi verið á gifurlegri siglingu í sumar og eftirspurnin hafi nánast verið of mikil.

Hún segir engan greinanda hafa séð fyrir að greinin tæki svona hratt við sér og segja megi að það hafi



Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðapjónustunnar

nánast verið of mikið að gera hjá greininni í sumar.

„Við höfum ákveðna afkastagetu og erum með takmarkandi þætti sem eru sú þjónusta sem ferðamaðurinn þarf á að halda. Þar höfum við rekið okkur á vegg vegna þess að það er ekki nóg til. Hvorki gisting né bílaleigubílar né rúturnar og heldur ekki nóg af leiðsögumönnum.“

Bjarnheiður bætir við að sums staðar hafi ferðapjónustufyrirtæki þurft að hafna bókunum og að þetta sé staða sem læra þurfi af.

„Markmið ferðapjónustunnar er að vaxa meira og verða sterkari stöð í útflutningi heldur en hún er núna og þá verðum við að fara í ákveðna naflaskoðun, bæði greinin sjálf og stjórnvöld.“

Bjarnheiður segir að það sé ýmislegt sem þurfi að huga að, þá einkum þar sem svo virðist sem fleiri gáttir séu að opnast þegar flogið verður á fleiri stöðum úti á landi á næstu misserum. Í því ljósi þurfi að skoða þessi mál í stóru samhengi og huga að því hvernig hægt sé að anna þessari eftirspurn. **SJÁ SÍÐU 10**

Tók upp ríffil er innrásin hófst

ÚKRAÍNA Úkraínska þingkonan Kira Rudik hélt á ríffli í fyrsta skipti daginn sem innrás Rússa í Úkraínu hófst. Hún er stödd hér á landi, meðal annars til að vekja athygli á aðstæðum í heimalandinu. Hún var nýbúinn með þingfund þegar stríðið hófst. „Leynipjónustan sagði að við þyrftum annað hvort að yfirgefa landið eða búa okkur undir að berjast. Ég greip því byssu og sagðist ætla að berjast.“ segir Rudik. **SJÁ SÍÐU 8**



Kira Rudik

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA
AFHENDING

Gasefni gætu borist til byggða með rokinu í dag

arnartomas@frettabladid.is

VEÐUR Gul viðvörðun tekur gildi á Suðurlandi, Faxaflóa og á miðhálandinu klukkan sjö í dag. Lokað verður að gosstöðvum í dag vegna veðurs.

„Á Suðurlandi erum við aðallega að horfa á svæðið undir Eyjafjöllum þar sem gæti orðið mjög hviðótt og svo líka á gossvæðinu,“ segir Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. „Það verður ansi afleitt veður svo fólk ætti alls ekki að fara á gossvæðið á meðan þessi skil fara yfir.“



Það verður ansi afleitt veður svo fólk ætti alls ekki að fara á gossvæðið.

Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur

Birta Líf segir einhverjar líkur á því að gasefni frá eldgosinu berist til byggða á Reykjanesinu.

„Við hvetjum fólk til að vera vakandi fyrir því og fylgjast með á loftgaedi.is,“ segir hún. „Ef það finnur fyrir einkennum eða er viðkvæmt fyrir er gott að loka gluggum.“ ■

Sigt um sæinn



Það viðraði vel fyrir siglingakappana sem birtust á spegilslettum haffletinum skammt frá Hörpu í gær. Þótt seglskútur vilji eflaust örlítið meiri vind en höfuðborgin bauð upp á í gær mun það þó breytast með gulri viðvörðun í dag. Þá er spurning hvort skipstjórnarnir slökkvi á vélaraflinu eða sitji heima.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þjófur ganga í ferðatöskur á flugvöllum

birnadrofn@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL Borið hefur á aukningu á þjófnaði úr innrituðum farangri á flugvöllum heimsins. Þetta staðfestir Guðni Sigurðsson, sérfræðingur á samskiptasviði Icelandair.

Fréttablaðið hefur fengið ábendingar um vaxandi þjófnað úr farangri á aðalflugvöllum á Tenerife.

Ábendingin hljómaði svo að allir ættu að plasta sína tösku eða setja einhvers konar ólar utan um töskurnar til að þjófarnir gætu ekki tekið varninginn svo auðveldlega.

Guðni segir vandamálið ekki beintengt þeim flugvelli.

„Útskýringin gæti einfaldlega verið sú að mikið af Íslendingum er að ferðast til Tenerife,“ segir Guðni en áfangastaðurinn hefur verið vinsæll meðal Íslendinga mörg undanfarin ár, jafnt að sumri sem vetri.

Hann segir mikilvægt að fólk hafi



Töskur í flugvélum eru auðveld bráð fyrir þjófa séu þær ekki læstar.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

sínar dýrmætustu og nauðsynlegustu eignir, svo sem lyf, meðferðis í handfarangri. „Svo er auðvitað nauðsynlegt að hafa ferðatryggingar í lagi.“

Þá segir Guðni allar varúðarráðstafanir hafa jákvæð áhrif, svo sem það að plasta töskurnar, læsa þeim með lás eða hafa um þær ólar. „Því betra aðgengi sem er að farangrinum, því auðveldara og fljótlegra er að stela úr honum.“ ■

Ekki hægt að segja hvort gosið hafi misst dampinn

Minnkandi rennsli í eldgosinu í Meradölum gæti bent til þess að gosið sé búið að missa dampinn. Eldfjallafræðingur segir í miklu að snúast þegar kemur að mælingum.

arnartomas@frettabladid.is

ELDGOŠ Mjög hefur dregið úr eldgosinu í Meradölum og rennsli þess samkvæmt niðurstöðum mælinga á gosinu frá laugardegi til mánuðags sem Jarðvísindastofnun birti í gær.

„Miðað við nýjustu tölur þá virðist rennslið vera komið í kringum þrjá til fjóra rúmmetra á sekúndu,“ segir Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur. „Ef þær tölur eru réttar og þetta dettur mikið niður fyrir þrjá rúmmetra þá eiginlega stöðvast gosið.“

Þorvaldur segir að þótt gosið hafi hegðað sér ágætlega þá sé alltaf eitt-hvað sem komi á óvart.

„Þyngdin á nýja hrauninu er það mikil að hún hefur ýtt út kjarnanum í 2021 hrauninu,“ segir hann og bendir á hve mikið rúmmál hraunsins hafi verið. „Það er verið að meta þetta upp á einhverja 650 þúsund rúmmetra sem eru að koma út úr þessu endurgosi, ef svo má kalla.“

Þegar kemur að mælingum er með nægu að fylgjast í gosinu.

„Á meðan við getum erum við með næstum daglegar mælingar á útbreiðslu hraunsins og svo höfum við verið að gera ýmsar athuganir á gígvirkninni, hvernig kvikuþrókarnir hegða sér, skodum gasbólumyndanir og fleira,“ segir hann. „Við höfum mikið meira en nóg að gera.“

Í augnablikinu segir Þorvaldur ekki líklegt að kvikan komi upp annars staðar en í Meradölum.

„Við getum þó ekki útilokað neitt,“ segir hann og dregur fram tvær mögulegar sviðsmyndir. „Annars vegar er sú sviðsmynd að gosið sé



Þorvaldur segir að í augnablikinu sé ólíklegt að kvikan komi upp á öðrum stöðum þótt ekki sé hægt að útiloka neitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Við höfum mikið meira en nóg að gera.



Þorvaldur Þórðarson, eldfjallafræðingur

komið á einhverja framlinu sem gæti haldið því í gangi og það geti verið að malla í einhverjar vikur eða jafnvel mánuði. Hins vegar er sú sviðsmynd að þessi stöðuga minnkun í framlinunni sýni að gosið sé búið að missa dampinn og sé að því komið að hætta.“

Björgunarsveitarfólk hefur verið undir talsverðu álagi vegna hins mikla fjölda fólks sem leggur leið sína að Meradölum til að skoða gosið. Umhverfisstofnun auglýsti nýlega eftir landvörðum til að létta undir álaginu sem vonast er til að geti tekið til starfa um mánaðamótin.

„Þetta er auðvitað alltaf smá pressa en álagið hefur verið svona innan marka,“ segir Steinar Þór Kristinsson hjá Björgunarsveitinni Þorbirni. Þótt lokað sé á gosstöðvunum í dag sé þó full ástæða til að vera á tánum. „Það var nú um daginn sem við vorum að grennslast fyrir um fólk sem var villt og týnt, en það fór vel.“ ■

Jólin hefjast á Jómfrúnni
Jólamatsedill frá 10. nóvember.
Kom glád!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruinn.is | jomfruinn@jomfruinn.is

NÝR RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn



Hrein hönnun Hrein tækni Hrein tilfinning

Nýr og spennandi Renault Megane E-Tech er mættur! 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina.

Verð frá: **5.390.000 kr.**

5 ÁRA ÁBYRGÐ*

*Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggi og kosti reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Einvaldur segir agabrot í briddslandslíðinu einangrað tilvik

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Jón Baldursson, heimsmeistari í bridds og nýráðinn landsliðseinvaldur, hyggst tilkynna landsliðshópinn í opnum flokki í bridds í dag.

Jón segir að það hafi verið nokkuð snúið að velja úr hópi spilara, meginsurningin hafi verið um þriðja parið í hópnum. Alls munu sex spilarar skipa liðið.

„Framboðið var meira en ég hélt að yrði,“ segir Jón.

Þriggja para hópur verður einnig valinn til að æfa með landsliðinu.

„Við fengum átta umsóknir í æfingahópinn sem mér fannst mjög mikil. Ég er ánægður með ásóknina. Valið var mjög erfitt,“ segir Jón.

Að gefnu tilefni vill Jón koma á framfæri að liðsagi hafi ekki verið vandamál í landsliðum Íslendinga í bridds síðastliðna áratugi. Þegar



Að gefnu tilefni vill Jón koma á framfæri að liðsagi hafi ekki verið vandamál í landsliðum Íslendinga í bridds síðastliðna áratugi.

hann hafi sagt í Fréttablaðinu á dögunum að áfengisneysla yrði aldrei umborin hafi hann að mestu átt við eitt einangrað tilvik á einu tilteknu störmóti.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var landsliðseinvaldurinn að vísa til hnökra sem komu upp hjá aðeins hluta landsliðsins í opnum flokki á Evrópumótinu í sumar. Árangur á því móti var sá versti um áratugaskeið og talinn óviðunandi.

Íslendingar urðu heimsmeistarar í bridds árið 1991. Íslenska keppnislíðið hefur margoft eftir að sá árangur náðist unnið Norðurlandamót í íþróttinni.

Stefnir Jón að því að koma landsliðinu aftur í hóp bestu liða heims, þótt við ramman reip sé að draga. Spilarar bestu landsliða eru meira og minna atvinnumenn í íþróttinni nú um stundir, ólíkt íslenskum spilarum. ■



Einbreiðar brýr eru um 30 talsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einbreiðu göngin eru slysgildra

benediktboas@frettabladid.is

UMFERÐ Í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar sem komu út í gær kemur fram að 20 slys verða á ári á einbreiðum brúm, slysin séu alvarlegri í dreifbýli og það sé há slysatíðni í einbreiðum jarðgöngum.

Stofnunin skoðaði slys og óhöpp í 10 jarðgöngum, auk slysa 200 metra fyrir utan og 50 metra inn í þau, árin 2011 til 2020. Segir að ekki þurfi að koma á óvart hversu há slysatíðni sé við einbreið jarðgöng. Skoða eigi hvort lækka megi tíðnina.



Mannleg mistök eru orsök flestra slyssanna.

Þá kemur fram að á árunum 2002 til 2021 séu 400 slys skráð á einbreiðum brúm eða 20 á ári. Af þessum slysum eru átta banaslys. Er bent á að samhlíða fækkun á einbreiðum brúm hafi slysum fækkað.

Þó svo að slysatíðni sé hærrí í þéttbýli verði hlutfallslega alvarlegri slys í dreifbýlinu og banaslysin verða frekar þar. Þá segir að meira en 50 prósent alvarlegra slysa og banaslysa á þjóðvegum í dreifbýli verði við útafakstur.

Mannleg mistök eru aðalorsök flestra umferðarslysa, segir í Framkvæmdafréttunum. ■

Virkjunin styrki stöðu samfélagsins

Skaftárhreppur hefur svarað kærri Landverndar og systursamtaka vegna fyrirhugaðrar Hnútuveirvirkjunar. Oddvitinn segir mikilvægt að horfa til heildarhagsmuna. Klárt lögprot að mati Landverndar.

bth@frettabladid.is

SKAFTÁRHREPPUR „Rök okkar í sveitarstjórn eru að styrkja stöðu samfélagsins með auknu raforkuöryggi,“ segir Jóhannes Gissurason oddviti í Skaftárhreppi.

Skaftárhreppur hefur afgreitt og sent frá sér greinargerð eftir að Landvernd og systursamtök kærðu fyrirhugaða Hnútuveirvirkjun til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Gögnin hafa ekki verið gerð opinber. Af svörum hreppsnefndarmanna að dæma heldur sveitarfélagið sínu striki og svarar kærinni fullum hálsi.

Samtökin sem kærðu eru Landvernd, Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Náttúruverndarsamtök Suðurlands, Náttúruverndarsamtök Íslands og Ungir umhverfissinnar.



Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

Náttúruundur í sögufrægu Skaftáreldahrauni eru að mati Landverndar og fjölda heimamanna í hættu, gangi áform um virkjunina í Hverfisfljóti eftir. Framkvæmdir, vegagerð og bygging stöðvarhúss nálægt náttúruperlunni Lambhagafossum yrði á öröskuðu svæði og telja andstæðingar áformin ógn fyrir ferðapjónustu.



Við vísum því ekki á bug á þessu stigi að um brot á náttúruverndarlögum gæti verið að ræða, við biðum úrskurðar.

Jóhannes Gissurason, oddviti Skaftárhrepps

„Við vísum því ekki á bug á þessu stigi að um brot á náttúruverndarlögum gæti verið að ræða, við biðum úrskurðar,“ segir Jóhannes oddviti. „En við þurfum að horfa á heildarhagsmunina, umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega hagsmuni.“

Framkvæmdir við virkjunina gætu hafist um leið og niðurstaða liggur fyrir, að því gefnu að ekki verði tekið tillit til kærunnar.

„Ég ætla ekkert að tjá mig um málið, ákvarðanir um þetta voru teknar fyrir mína tíð,“ segir Einar Kristján Jónsson, nýráðinn sveitarstjóri Skaftárhrepps, um deilur í héraðinu vegna áformanna, ekki síst meðal kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa.

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, segir að það standi til að tengja Hnútuveirvirkjun tengivirki á Prestsbakka þar sem fyrir sé tenging. Varla sé því um aukið framboð af raforku í Skaftárhreppi að ræða.

„Þetta er einstakt svæði, þar sem við getum fylgst með landi í mótun rétt við þjóðveginn. Það er um klárt brot á náttúruverndarlögum að ræða,“ segir Auður. ■



Lambhagafosar munu raskast ef virkjað verður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Matarkarfan stendur nánast í stað

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Verð á matarkörfunni breytist lítið milli júlí og ágúst hér á landi, mun minna en í Bretlandi og Frakklandi.

Þetta kemur fram í verðkönnun sem Veritabus framkvæmdi í netverslunum í síðustu viku.

Matarkarfan hér hækkadi einungis um 0,15 prósent milli mánaða, sem jafngildir 1,8 prósentu verðbólguhraða á heilu ári.

Ávextir og grænmeti lækkuðu í verði og einnig kjöt og fiskur. Mjólkur- og drykkjarvörur stóðu að mestu í stað en mestu hækkarnir voru í dósa- og þurrmat, sælgæti og snakki, auk þess sem brauðmeti hækkar eitthvað.

Talsverðar hækkarnir virðast enn vera að koma inn í verðlag í Frakklandi og á Bretlandseyjum og mánadarhækkunin í Frakklandi er 2,8



Grænmeti og ávextir lækka milli mánaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

prósent en 2,1 prósent í Bretlandi. Mjög miklar hækkarnir eru á mjólkurvörum, dósamat og fleiri vörum í Bretlandi og Frakklandi.

Af þessu má draga þá ályktun að mjög dragi úr verðbólguþrýstingi vegna matarverðs hér á landi. Óvarlegt er þó að reikna með áhrifum þess í vísitölu neysluverðs sem Hagstofan birtir 30. ágúst næstkomandi

vegna þess að þar styðst Hagstofan við eldri mælingar á matvælavæðni.

Veritabus kannaði 100 vörur í netverslunum. Þar sem verð vantaði var kannað hilluverð í verslunum. Um sömu vörur er að ræða á Íslandi. Erlendu vörurnar eru valdar af sérfræðingum Veritabus til að endurspeglar samsvarandi innlendar vörur. ■

Kór Hallgrímskirkju:

Raddprufur

Raddprufur Kórs Hallgrímskirkju verða haldnar í seinni hluta ágúst

Gerð er krafa um fyrri kórreynslu og færni í nótnalestri. Kórin æfir á þriðjudagskvöldum klukkan 19-22 auk mánaðarlegra raddæfinga.

Verkefni kórsins í haust verða meðal annars; tónleikar með nýjum íslenskum verkum ásamt breskri tónlist fyrir kór og orgel, Bachtónleikar með Barokkbandinu Brák, upptökur og jólatónleikar. Kórin tekur virkan þátt í helgihaldi í Hallgrímskirkju.

Stjórnandi kórsins er Steinar Logi Helgason

Áhugasamir hafi samband fyrir 23. ágúst 2022 á netfangið kor@hallgrimskirkja.is

Lyfjavali



HEILSA & HAMINGJA

Nýtt bílaapótek í Suðurfelli

Tvær bílalúgur
Einfalt og þægilegt



OPIÐ
9-18

Glæsibæ • Bílaapótek Vesturlandsvegi • Urðarhvarfi • Mjódd
Bílaapótek Hæðasmára • Apótek Suðurnesja • Bílaapótek Suðurfelli

Lýsa áhuga á samstarfi um úttekt á tryggingamarkaðnum hérlandis

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, telur mikilvægt að gerð verði allsherjarúttekt á tryggingamálum hér á landi. Eðlilegt sé að verkalýðshreyfingin og Neytendasamtökin standi fyrir slíkrí úttekt.

Fram hefur komið að fimmfalt dýrara er að tryggja Renault Captur-bifreið hér á landi en í Bretlandi og Svíþjóð.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram hjá Breka Karlssyni, formanni Neytendasamtakanna, að Samtökin hyggist láta gera allsherjarúttekt á tryggingamálum hér á landi og meðal annars bera saman lagaumhverfi hér á landi og annars staðar. Vonast samtökin eftir fjármögnun frá verkalýðshreyfingunni og ríknu, en slík úttekt kostar allt að 15 milljónir, eigi hún að vera marktæk.

Hjálmar Sigurþórsson, framkvæmdastjóri trygginga hjá TM, segir íþyngjandi bótaumhverfi hér á landi skýra verðmun milli Íslands og annarra landa.



Lilja Alfreðsdóttir, ráðherra neytendamála

Ragnar Þór segir verkalýðsfélög hafa átt gott samstarf við Neytendasamtökin og reiknar með að svo verði áfram. Sér hann ekkert því til fyrirstöðu að forysta VR og annarra verkalýðsfélaga samþykki samstarf við Neytendasamtökin um þessa úttekt.

Lilja Alfreðsdóttir, ráðherra neytendamála, segir mikilvægt að tryggja heilbriggt samkeppnisumhverfi á tryggingamarkaði sem öðrum. Hún segir sitt ráðuneyti vera með samning við Neytendasamtökin og skoða þurfi hvort úttekt af þessu tagi falli undir hann. Lilja útilokar ekki viðbótarframlag frá ríkinu vegna slíkrar úttektar. ■

Afsökunarbeiðnin kom allt of seint

aron@frettabladid.is

ÍPRÓTTIR Emilía Rós Ómarsdóttir fékk í gær loksins afsökunarbeiðni frá Ípróttabandalagi Akureyrar og Skautafélagi Akureyrar, fjórum árum að þau höfnuðu ásökunum hennar þess efnis að þjálfari á vegum skautafélagsins hefði áreit hana.

Í samtali við Fréttablaðið segir Emilía afsökunarbeiðnina koma allt of seint en betra sé seint en aldrei. Emilía steig fram í viðtali við Fréttablaðið árið 2019 og greindi frá því hvernig þáverandi þjálfari hennar hjá Skautafélagi Akureyrar, sem byrjaði á því að áreita hana, hafi með öllu snúist gegn henni og lagt hana í einelti.

„Ég er allavegana ánægð með að hún hafi á endanum komið,“ segir Emilía. ÍBA og SA gáfu frá sér sameiginlega yfirlýsingu á sínum tíma þar sem samböndin sögðu engar sannanir né merki um að þjálfari listskautadeildarinnar hafi brotið siðareglur eða mismunað iðkendum. Nú hafa samböndin séð að sér og sent frá sér afsökunarbeiðni. „Auðvitað kemur hún allt of seint en ég er samt fegin að þau hafi loksins gefið sig og komið fram með afsökunarbeiðni.“



Þetta hefur verið ótrúlega erfitt en nú get ég loksins farið að vinna úr hlutunum. Nú er þessu loksins lokið.



Emilía Rós Ómarsdóttir

Hún segir að þetta sé búinn að vera hræðilegur tími og sögurnar rætnar sem dreift var um hana og fjölskylduna. Nú sé þó komið að kaflaskilum. „Þetta hefur verið ótrúlega erfitt en nú get ég loksins farið að vinna úr hlutunum. Nú er þessu loksins lokið,“ segir Emilía Rós Ómarsdóttir í samtali við Fréttablaðið. ■



Reiðin í garð Salman Rushdie hefur víða kraumað í gegnum árin. Hér sjást íbúar Íslamabad í Pakistan kalla eftir dauða Rushdie þegar tilkynnt var að hann hefði verið sleginn til riddara árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ofbeldið óásættanlegt þótt bókin sé afar kvikindisleg

Fyrirverandi formaður Félags múslima á Íslandi segir Söngva Satans sármóðgandi í garð múslima en telur ofbeldi gegn höfundinum þó ekki samræmast Kóraninum. Eðli „dauðadómsins“ gegn Salman Rushdie segir hann að hafi víða verið mistúlkað.

thorgrimur@frettabladid.is

TRÚMÁL Skáldsagan Söngvar Satans er aftur komin í heimspressuna eftir að höfundur hennar, Salman Rushdie, slasaðist lífshættulega í hnifstunguárás í New York í síðustu viku. Bókin hefur verið umdeild meðal múslima frá því hún kom út vegna meints guðlasts höfundarins í umfjöllun sinni um líf Múhameðs spámans. Ruhollah Khomeini, æðstiklerkur Írans, gekk svo langt árið 1989 að gefa út álitserð, eða fatwa, þar sem hann lýsti því yfir að taka bæri Rushdie af lífi vegna bókarinnar.

Deilurnar í kringum bókina eru flestum vel kunnar en færri þekkja efni hennar eða ástæður þess að hún hefur móðgað svo marga. Sverrir Agnarsson, fyrirverandi formaður Félags múslima á Íslandi, segist ekki undrast að Söngvar Satans vekji svo sterk viðbrögð hjá múslimum.

„Í garð múslima er þetta veruleg sögufölsun. Maður getur skrifað út frá einhverjum forsendum og breytt hinu og þessu. En í bókinni er vis-

vitandi verið að svívirða og uppnefna spámanninn, ráðgjafa hans og eiginkonur hans.“

Meðal þeirra hluta bókarinnar sem Sverrir segir hafa farið fyrir brjóstið á múslimum eru kaflar þar sem sagt er frá vændishúsi þar sem tólf vændiskonur eru nefndar eftir eiginkonum Múhameðs spámans. Þá segir Sverrir að það hafi farið öfugt ofan í marga að virtar persónur úr íslamstrú, á borð við Gabriel erkiengil og Salman hinn perneska, einn af fylgismönnum Múhameðs, séu hafðar að háði og spotti.

Sverrir telur að Rushdie hafi ritað Söngva Satans á sínum tíma beinlínis með það að markmiði að espa múslima upp. „Hann veit nákvæmlega hverju hann á von á þegar hann skrifar þetta. Hann gerir þetta eins illkvittid og hann getur.“

Sverrir setur reiði múslima vegna bókarinnar jafnframt í samhengi við það sem hann segir vera útúr-snúninga og blekkingar á Kóraninum allt aftur til 12. aldar. „Þessi linnulausi áróður og rangfærslur lifa góðu lífi í alls konar formi eins og til dæmis hjá Robert Spencer og Billy Warner og öfgakenndri íslamóföbju sem hefur tröllríðið vesturlenskum miðlum í áratugi.“

Þó er Sverrir gagnrýninn á viðleitni til að refsa Rushdie fyrir guðlastið með ofbeldi, enda segir hann slík viðbrögð ekki samræmast Kóraninum. „Kóraninn er frekar



Sverrir Agnarsson, fyrirverandi formaður Félags múslima á Íslandi

afdráttarlaus um svona lagað, að þegar einhver hallmælir manni eða talar við mann á óviðeigandi hátt svarar maður bara með friðarorðum.“

Sverrir segir gæta almenns miskilnings um það að skylda hafi verið lögd á alla múslima að ráða Rushdie af dögum. „Fatwa er ekki dauðadómur, fatwa er álitserð. Allir sem ná einhverri ákveðinni menntun geta gefið út fatwa en þeir sem fylgja þeim eða biðja um fatwa ráða því hvort þeir fari eftir því eða ekki. Khomeini gaf út það álit að Salman Rushdie hefði framið glæp sem yrði að drepa fyrir. Hvort einhver tekur upp hjá sér að framkvæma það er allt annað mál.“

Sverrir bendir á að árið 1998 hafi Mohammad Khatami, þáverandi forseti Írans, lýst því yfir að stjórnin styddi ekki lengur að Rushdie yrði drepinn. Þá segir hann að menn sem grípa til ofbeldis í nafni íslams trúar séu upp til hópa ómenntaðir og fáfróðir um inntak sjarialaga. „Ég hef sagt að besta leiðin til að vinna á hryðjuverkamönnum væri að kenna þeim betur að fylgja sjaría.“ ■

Ekki sektað í öllum jarðgöngum

bth@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Mér finnst óeðlilegt ef einkahlutafélög eiga að kosta löggæslumyndavélar í jarðgöngum,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga, spurður hvort til standi að setja upp myndavélar sem mæli brot fyrir hraðakstur undir Vaðlaheiði.

Þegar ekið er gegnum jarðgöng á Íslandi er mjög upp og ofan hvort ökumaður með þungan bensínfót getur átt von á hraðasekt. Sum jarðgöng búa yfir myndavélum sem mæla brot og eru sektir sendar út til ökumanna í kjölfarið. Í öðrum göngum er ekki slíkt eftirlit.

Sem dæmi eru ekki myndavélar á vegum Vegagerðarinnar í Vaðlaheiðargöngum. Í Norðfjarðargöngum er búnaður sem mælir meðalhraða og engin leið að fara án viðurlaga í gegnum þau göng á ölöglegum hraða.



Mér finnst óeðlilegt ef einkahlutafélög eiga að kosta löggæslumyndavélar í jarðgöngum.

Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga

Vegagerðin áformar uppsetningu tækja sem mæla meðalhraða í Hvalfjarðargöngum, þar sem viðurlög varða sekt eða sviptingu ökuréttinda ef um glæfraakstur er að ræða. Með því er litið til svokallaðs tveggja punkta kerfis.

„Við getum fylgst með hraðanum og gerum það en almennt séð er ökuhraði ekki vandamál í Vaðlaheiðargöngum,“ segir Valgeir. ■

Auglýsing ríkisskattstjóra um framlagningu álagningarskrár einstaklinga 2022 vegna tekna ársins 2021

Álagningarskrá vegna álagningar 2022 á einstaklinga verður lögd fram dagana 17. ágúst til 31. ágúst 2022 að báðum dögum meðtöldum á almennum starfsstöðvum Skattsins utan Reykjavíkur, en í Reykjavík í Tollhúsinu Tryggvagötu 19.

Auglýsing þessi er birt, skv. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Reykjavík, 17. ágúst 2022.

Ríkisskattstjóri

Auglýsing



ALVÖRUR ÚTSALA

15-50% AFSLÁTTUR



Kaliber Silver II gasgrill
3 brennarar, (9 kW)
Grillflötur 54x41,5cm
38.796
Áður 48.495 kr.

20%
AF



Lavor STM 160 WPS háprýstidæla með RISA-stórum aukahlutapakka
Mótor: 2500W
Prýstingur: 160 bör
Vatnsflæði: 510 l/klst.
31.196
Áður 38.995 kr.

20%
AF



Drive Bilskúrsryksuga
1250W, 20 lítra
9.596
Áður kr. 11.995

20%
AF



LuTool fjölnota sög
/hjakkteki/judari. 300W.
3.998
Áður 7.995 kr.

50%
AF

Royal Garden fjölnotatæki 3-in-1

Sláttuorf, hekkklippur, keðju-/greinasög
Kraftmikill 1,45kW tvígengis mótor 51cc
29.319
Áður 48.865 kr.

40%
AF



Harðparket,
og flísar

20-50%
AFSLÁTTUR

Frá kr.
1.440 pr.
m²

Steypugljái á stéttina – þessi sem endist



Creative Super Seal 25 lítrar
23.996 Áður 29.955 kr.

20%
AF



Áltrappa fyrir heimilið
3ja þrepa
6.108
Áður kr. 7.635

4 þrepa kr. 7.484 áður 9.355
5 þrepa kr. 9.004 áður 11.225
6 þrepa kr. 11.196 áður 13.995

20%
AF



Lokað slönguhjól 20m 1/2"
12.796
Áður 15.995 kr.

20%
AF

40%
AF



Hagmans Premium Classic palla-/tréolia 3L
2.097
Áður 3.495 kr.

40%
AF



Boloco vaskur
6.594 Áður kr. 10.990

BoZZ sturtuklefi m/stöng, hitastýrðum blöndunartækjum og brúsu

Garðverkfærasett Klóra, skófla og greinaklippur

2.727
Áður kr. 3.895

30%
AF



Pallahitari IRS1510 SC
14.396
Áður 17.995 kr.

20%
AF



Pallahitari IRS2020
27.746
Áður 36.995 kr.

40%
AF



Egematur Leto
eldhústæki
3.897
Áður kr. 6.895

25%
AF

Guoren sturtusettt svart
19.496
Áður kr. 25.995

25%
AF

80x80x200
59.996
Áður kr. 79.995

90x90x200
65.996
Áður kr. 87.995



Ríga salerni með setu
m/stút í vegg
20.716
Áður kr. 25.895

20%
AF



CERAVID
3-6 lítra
hnappur
CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara
43.188
Áður kr. 53.985

20%
AF

Skál:
RIMLESS
Scandinavian
design

25%
AF

SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla í

20 ár

2002 - 2022



Odinga hyggst kæra kosningarnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Viðurkennir ekki ósigur og kærir

thorgrimur@frettabladid.is

KENÍA Raila Odinga, sem tapaði forsetakosningum í Keníu samkvæmt lokatölum sem birtar voru á mánudaginn, neitar að viðurkenna ósigur. Samkvæmt niðurstöðum kjörstjórnar bar sitjandi varaforseti landsins, William Ruto, sigur úr bitum en Odinga segir niðurstöðuna markleysu.

Þetta var í fimmta sinn sem Odinga býður sig fram til forseta Keníu og ekki fyrsta skiptið sem hann neitar að viðurkenna ósigur. Atkvæðamunurinn milli Ruto og Odinga í ár var aðeins um eitt og hálft prósent.

Fjórir af sjö meðlimum kjörstjórnarinnar neituðu að ábyrgjast niðurstöðu kosninganna og vísuðu til þess að talningarferlið hefði verið ógegnsætt. ■

Sambúð Ísfirðinga við kríurnar erfið

kristinnhaukur@frettabladid.is

VESTFIRÐIR Enn er kríuvarpið við Tunguhverfi á Ísafirði að plaga íbúana. Tilraunir til að færa varpsvæðið hafa ekki borið nægilegan árangur. Íbúar í Tunguhverfi, sem er nýlegt hverfi innst í Skutulsfirðinum, hafa mátt þola bæði hávaða og loftárásir frá fuglum.

Í aðsendu erindi til Ísafjarðarbæjar er sagt að ekki sé farandi um án þess að vera með hjálm og rökkin að íbúarnir eigi að „sættast við náttúruna,“ ekki í gildi sökum árasargirni fuglsins. Kríunum hafi fjölgað og séu nú farnar að ógna fólki sem vinnur í góðunum sínum. ■



Lögreglan mun fylgjast betur með umferð um Norrænu.

Aukið eftirlit í Seyðisfjarðarhöfn

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Lögreglan á Austurlandi hefur fengið aðgang að eftirlitsmyndavélakerfi Seyðisfjarðarhafnar. Bæði á hafnarvæðinu sjálfu og tollsvæði ferjuhússins. Reiknað er með að Norræna sé í auknum mæli notuð sem vettvangur skipulagðrar brotastarfsemi.

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri Austurlands, segir að lögreglan sé sífellt að auka notkun eftirlitsmyndavéla. „Þarna koma upp stór mál og því er mikilvægt að hafa öfluga og góða löggæslu,“ segir hún. Lögreglan sótti einnig um að koma upp myndavélum utan hafnarvæðisins. Sú beiðni hefur ekki verið afgreidd í bæjarráði Múlapingis. ■

Pollahopp í Lundúnum



Ungur herramaður stekkur yfir poll á götum Lundúna í gær en eftir gifurlega hita að undanfögnu dró loksins fyrir sólu og byrjaði að rigna. Jarðvegurinn er mjög þurr í Englandi eftir hitabylgju og tekur ekki við neinu regnvatni. Haldi rigningarnar áfram eins og spáin lítur út gæti flætt í höfuðborginni líkt og gerðist á síðasta ári en breska veðurstofan hefur gefið út flóðaviðvaranir fyrir miðvikudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Byssan var eini valkostur Kiru Rudik

Úkraínska þingkonan Kira Rudik hélt á riffli í fyrsta skipti daginn sem innrás Rússa í Úkraínu hófst. Hún segist þess fullviss að úkraínska hernum muni á endanum takast að brjóta þann rússneska á bak aftur. Ástandið heima fyrir eigi þó eftir að versna með haustinu.

ggunnars@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Kira Rudik hefur setið á þingi í Úkraínu frá árinu 2019. Hún er 38 ára og fer fyrir stjórnarandstöðuflokknum Voice sem kennir sig við frjálslyndi og lýðræði.

Hún er stödd hér á landi meðal annars til að vekja athygli á aðstæðum í heimalandinu og ræða við úkraínska flóttamenn.

Nú þegar hálft ár er liðið frá innrás Rússa í Úkraínu segir Kira að komið sé að ákveðnum vendipunkti.

„Ástandið er erfitt en við munum á endanum ná aftur stjórn á eigin landi. Ég er handviss um það.“

Þrátt fyrir bjartsýnina segir Kira að búast megi við erfiðum vetri í Úkraínu.

„Við vitum að orkukreppan mun bitna á okkur. Við vitum líka að Rússar munu beita lönd sem styðja okkur þrýstingi. Þetta stríð snýst nefnilega ekki bara um átök á milli Rússlands og Úkraínu. Þetta eru átök um ákveðin sameiginleg gildi. Þar sem lýðræðislegar hugsjónir mæta grimmd og harðstjórn. Það eru hinar raunverulegu átakalínur.“

Hún segir erfitt að færa ástandið í Úkraínu í orð.

„Það er ekki til sá skóli í heiminum sem getur búið þig undir stríð. Maður vaknar á hverjum morgni án þess að vita hvort maður muni lifa daginn af. Svo hugsar maður um það sem maður getur gert til að hjálpa og það drífur mann áfram. Þessi hugsun, að ef þetta verður



Kira hafði aldrei haldið á skotvopni áður en stríðið braust út í Úkraínu.

MYND/ADSEND

minn síðasti dagur, þá vil ég verja honum í það sem raunverulega skiptir mig máli.“

Kira var nýkomin af þingfundi þegar innrás Rússa hófst. „Leyniþjónustan sagði að við þyrftum annað hvort að yfirgefa landið eða búa okkur undir að berjast. Ég greip því byssu og sagðist ætla að berjast.

Mér fannst ég ekki hafa neitt val,“ segir Kira.

„Ég bý í venjulegu húsi og ég á fjölskyldu. Þess vegna valdi ég byssuna. Ég hafði aldrei komið nálægt skotvopnum áður. Nú sex mánuðum síðar get ég sannarlega sagt að ég sé orðin mun betri skytta en ég var þá,“ segir Kira.



Þetta eru átök um ákveðin sameiginleg gildi. Þar sem lýðræðislegar hugsjónir mæta grimmd og harðstjórn.

Kira Rudik, þingkona í Úkraínu og leiðtogi stjórnarandstöðuflokksins Voice

Hún segist telja það eitt af sínum brýnustu verkefnum, sem þingkona, að hlúa að öllu því fólki sem sé á flotta vegna stríðsins í Úkraínu.

„Við stöndum á ákveðnum krossgötum nú þegar hálft ár er liðið frá innrásinni. Nær allur opinber stuðningur er hugsaður til skemmri tíma en nú verðum við að hugsa þetta skipulega og til lengri tíma. Ég vil leggja mitt af mörkum svo að það megi verða.“

Kira vill að endingu koma á framfæri sérstökum þökkum til allra þeirra sem hafa rétt úkraínskum flóttamönnum hjálparhönd.

„Þið trúið ekki hvað þetta hefur mikla þýðingu fyrir okkur. En þetta er líka það sem stríð kennir manni. Maður getur ekki tekist á við það einn. Samstæðan er eina leiðin til að mæta harðstjórn og grimmd. Það er þessi samstæða sem við finnum svo sterkt í öllum þeim löndum sem deila sömu gildum og við,“ segir Kira Rudik. ■

2022



Einstaklega þægilegur í akstri og kraftmikill bíll

Volkswaken ID6



Fyrsta sending kemur í september

Sæti	Drif	Eldsneyti	Mótor	Felgur	Drægni	Verð
7 Manna	Afturhjóra	Rafmagn	204Ps[150kw]	20"	565km	8.890.000
6 Manna	4WD	Rafmagn	313Ps[230Kw]	21"	565Km	9.990.000

Staðalbúnaður

- 565 km uppgefin drægni
- Led lýsing í innréttingu- yfir 30 litir
- LED headlights and day time running lights, (fljótandi lýsing)
- LED lýsing á milli ljósa að framan og aftan
- 12" Snertiskjár
- Sjálfstýring
- Adoptive hraða stillir
- Árekstra vörn „Front Assist“ með neyðar hemlun
- Akreinavari í speglum
- Panorama gler þak - opnanlegt
- 360 gráðu myndavél
- Þakbogar með LED lýsingu
- Dökkar rúður að aftan
- Innfellanlegir hurða húnar og Ljos sem lýsir á götu þegar hurð er opin
- Þráðlaust Apple car play
- Baksýnispeglill með sjálfvirkri glampavörn
- Hiti í framrúðu
- 20" álfelgur 235/50 R20
- Aðfellanlegir speglar - Hiti í speglum og LED turn Signal
- 7 sæta, 2 öfstustu sætin niðurfellanleg. Mikið pláss í öllum sætum
- Hiti í fram og aftursætum
- Premium leður sæti
- Rafmagn í sætum með minni
- Aftursæti færanleg
- ISOFIX barnastólafestingar
- Armpúði milli framsæta
- Armpúði milli aftursæta með cup holder
- Leður stýri með aðgerðartökkum
- Skynjarar að framan og aftan, sjálf bremsandi við að leggja í stæði

Með fyrstu 12 bílunum sem seljast fylgja aukalega nagla eða vetrardekk/heilsársdekk.

Hér er á ferðinni

Einn Með Öllu.

- Þráðlaus síma hleðsla
- 9 hátalara hlómkerfi
- Regn skynjari í framrúðu
- Lyklalaust aðgengi
- 12 tommu snertiskjái
- USB tengi
- Skriðvörn
- Blind spot viðvörðun
- Fatigue driving reminder system
- Automatic parking
- Stærð bíls L*B*H [cm] 489,1x184,8x167,9
- Brekku aðstoð
- Driving mode Sport/Eco/Norma
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Snertilaus opnun og lokun á afturhlera
- Brekkuvörn



Smartbilar Bíldshöfða 20 S:5460088

Smartbilar@smartbilar.is www.Smartbilar.is

Ævintýrlegur vöxtur í ferðapjónustu hér á landi

Formaður Samtaka ferðapjónustunnar segir að eftirspurnin í greininni hafi nánast verið of mikil og læra þurfi af þessari stöðu svo hún komi ekki upp aftur. Framkvæmdastjóri Travia segir að vöxtur ferðapjónustunnar á undanförunum mánuðum hafi verið ævintýrlegur.

magdalena@frettabladid.is

Haukur Birgisson, framkvæmdastjóri Travia, sem er markaðstorg fyrir ferðaskrifstofur, segir að vöxtur ferðapjónustunnar á undanförunum mánuðum hafi verið ævintýrlegur. Í júní hafi mátt sjá um 140 prósentu aukningu í sölu milli sumarsins 2021 og 2022 og herbergjanýting var sambærileg og fyrir heimsfaraldur.

„Júlí 2021 var í raun mjög góður mánuður, en það voru um 55 prósent fleiri nætur seldar árið 2022 miðað við sama mánuð í fyrra. Svipaða sögu má segja um ágúst, en það eru um 50 prósent fleiri nætur seldar í ágúst 2022 miðað við í ágúst 2021, og nýtingin er að sama skapi um 50 prósentum betri,“ segir Haukur og bætir við að áhugavert sé að bókunarglugginn, það er að segja sá tími sem ferðamaðurinn bókast gistingu, hafi verið að styttest verulega.

Tæplega 30 prósent af öllum bókunum séu bókuð með innan við 20 daga fyrirvara. Um 32 prósent eru bókuð með 20 til 90 daga fyrirvara og um 32 prósent með 90 til 365 daga fyrirvara. Restin er bókuð með meira en árs fyrirvara.

„Sjálfur hafði ég spáð því að á árinu 2022 myndi bókunarglugginn lengjast. Ég hélt að fólk myndi frekar bóka með lengri fyrirvara til þess að tryggja sig gagnvart heimsfaraldurinum og hafa í raun tíma til þess að afbóka og fá endurgreitt ef bakslag yrði og ferðafrelsi skerðast á nýjan leik.“

Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðapjónustunnar, segir að sumarið hafi gengið afar vel í ferðapjónustunni.

„Greinin hefur verið á gríðarlegri siglingu og í rauninni miklu hraðari siglingu heldur en reiknað var með,“ segir Bjarnheiður og bætir við að eftirspurnin hafi verið ótrúlega mikil.

„Það sá enginn greinandi fyrir að þetta færi svona rosalega hratt af stað. Þannig að það má kannski segja að það sé nánast of mikið að



Ferðamenn í Meradölum að virða gosið fyrir sér.

FRÉTTABLAÐID/
ERNIR



Þannig að það má kannski segja að það sé nánast of mikið að gera og við höfum ekki getað annað allri eftirspurn í rauninni.



Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðapjónustunnar

gera og við höfum ekki getað annað allri eftirspurn í rauninni.“

Aðspurð hvort eftirspurnin hafi nánast verið of mikil segir Bjarnheiður að það liggja við að hún svari því játandi.

„Við höfum ákveðna afkastagetu og erum með takmarkandi þætti sem eru sú þjónusta sem ferðamaðurinn þarf á að halda. Þar höfum við rekið okkur á veggum vegna þess að það er ekki nóg til. Hvorki gisting né bílaleigubílar né rúturnar og heldur

ekki nóg til af leiðsögumönnum.“

Haukur segir að ljóst sé að ferðapjónustan sé að koma til baka eftir erfið ár.

„Það var orðið nokkuð augljóst að ferðapjónustan þurfti að fá ferðamenn til landsins. Það er ótrúlegt að mörg fyrirtæki hafi haldið dampi í gegnum faraldurinn. Það hefur verið mín tilfinning að þeir sem starfa í ferðapjónustu hafi verið mjög jákvæðir gagnvart árinu 2022 og það hefur svo sannarlega ræst úr því, ef miðað er við fjölda ferðamanna.“

Haukur bætir við að á veturna sé ekki jafn mikil dreifing á ferðamönnum og á sumrin. Það er því búist við að ákveðnir landshlutar fái hlutfallslega færri ferðamenn yfir þann tíma.

„Suðurlandið og suðvesturhornið trekkja til sín flesta ferðamenn yfir vetrartímamann. Það er gömul saga og ný í íslenskrum ferðapjónustu. En eins og staðan er í dag er að minnsta kosti tvöföldun á sölu fyrir komandi mánuði ef miðað er við árið í fyrra, sé miðað við allt landið.“

Bjarnheiður bætir við að sums staðar hafi ferðapjónustufyrirtæki þurft að hafna bókunum og að þetta sé staða sem læra þurfi af.

„Markmið ferðapjónustunnar er að vaxa meira og verða sterkari stoð

Spennandi vetur fram undan



Haukur Birgisson, framkvæmdastjóri Travia

Haukur kveðst vera spenntur fyrir árinu 2023 hvað ferðapjónustuna varðar.

„Persónulega er ég spenntur fyrir árinu 2023 og tel að það eigi eftir að verða íslenskrum ferðapjónustu gott ár. Það verður

sömuleiðis áhugavert að sjá hvernig verðbólguþá Seðlabankans ásamt viðræðum um nýja kjarasamninga mun hafa áhrif á ferðapjónustuna á næsta

ári, en það mun skila sér beint út í verðlag á afurðum ferðapjónustunnar.“

Hann segir þó að í ljósi þess að bókunarglugginn sé alltaf að styttest sé erfitt að spá nákvæmlega fyrir um hvernig veturinn muni lita út. „Síðustu árin hefur veturinn verið að koma sterkur inn, bæði vegna þess að við erum að ná til ferðamanna sem fá frídaga um vetur, auk þess að vel hefur tekist að auglýsa og markaðssetja Ísland sem áfangastað á veturna. Ég myndi telja að eldgosin muni trekkja ferðamenn til landsins ef gosið heldur áfram.“

í útflutningi heldur en hún er núna og þá verðum við að fara í ákveðna naflaskoðun, bæði greinin sjálf og stjórnvöld. Það er ýmislegt sem við þurfum að huga að sérstaklega því nú virðist sem fleiri gáttir séu að opnast og það verður flogið á fleiri stadi úti á landi á næstu misserum.“

Bjarnheiður segir að í því ljósi þurfi að skoða þessi mál í stóru samhengi og huga að því hvernig hægt sé að anna þessari eftirspurn.

„Mín skoðun er sú að þörf sé á talsverðri uppbyggingu bæði í almennum innviðum og fjárfestingu í gistirými ef við viljum ekki koma að punkti þar sem við getum ekki vaxið meira.“

Hún bætir við að einnig sé þörf á því að mennta fólk í greininni.

„Við þurfum að leggja meiri áherslu á að mennta fólk í greininni. Bæði í veitingageiranum og leiðsögumenn. Það þarf að skoða.“ ■

Parki
INTERIORS

STÓR

ÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
Parket, harðparket, vínyparket, flísar, mottur, gólfteppi, veggfóður, ofl.

Dalvegí 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á Facebook!
facebook.com/Parki.interiors

Bjartsýnir á að nýtt regluverk líti dagsins ljós



Magdalena Anna Torfadóttir
magdalena
@frettabladid.is

Sölu- og markaðsstjóri áfengisnetverslunarinnar Acan Wines kveðst vera bjartsýnn á að skýrt regluverk hvað varðar netverslanir með áfengi muni líta dagsins ljós. Nýverið funduðu stjórnendur Acan Wines með Jóni Gunnarssyni dómismálaráðherra.

Áfengisnetverslunin Acan Wines var opnuð í maí síðastliðnum en að baki versluninni standa þeir Hjörvar Gunnarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Einar Freyr Bergsson, sölu- og markaðsstjóri fyrirtækisins. Að þeirra sögn hefur allt gengið eins og í sögu síðan þeir hófu rekstur.

„Við höfum séð þvilíka aukningu í rekstrinum hjá okkur, nú höfum við aðeins verið með opið síðan í maí og við sjáum aukningu í sölu með hverjum mánuði. Það bætist stöðugt við úrvalið hjá okkur. Við höfum verið að taka inn vörur frá íslenskum brugghúsum og birgjum, auk þess sem við flytjum inn vörur sjálfir í gríð og erg,“ segir Einar og bætir við að hann sé virkilega ánægður með viðtökurnar.


„Við höfum fengið þvilíkt góðar viðtökur frá samfélaginu í kringum okkur, nú sérstaklega vegna heimsendingarþjónustunnar og góðs vöruúrvals.“

Einar segist skynja það að fólk sé almennt ánægt með þjónustuna og að fólk sé jákvætt gagnvart því að heimila þessa starfsemi.

„Fólk hefur lýst yfir mikilli ánægju með þetta fyrirkomulag hjá okkur og margir góðir fastakúnnar sem versla ekki á öðrum stöðum en hjá okkur. Auðvitað eru ekki allir sammála þessari þróun en það er bara gangur lífsins.“

Nýverið funduðu Einar og Hjörvar með Jóni Gunnarssyni dómismálaráðherra, sem er að þeirra sögn jákvæður gagnvart því að ráðast í breytingar á regluverkinu í kringum netverslanir með áfengi.

„Fundurinn gekk vel og margt áhugavert kom fram, þar ræddum við meðal annars hugsanlegt regluverk í kringum starfsemina, kosti og galla. Við sjáum að vilji löggjafans er



Stofnendur Acan Wines segja að allt hafi gengið eins og í sögu síðan þeir hófu rekstur í maí síðastliðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

sá sami og okkar, það þurfa að vera leikreglur og þær koma með skýru regluverki.“

Einar kveðst vera bjartsýnn á að nýtt regluverk muni líta dagsins ljós.

„Það er nú þegar búið að brjóta ísinn með brugghúsafrumvarpinu og nú tekur bara við að sigla skipinu í höfn.“

Einar gefur lítið fyrir þá gagnrýni að ef starfsemin verði heimiluð fari þjónusta versnandi og verð muni hækka.

„Við höfum oft heyrt að með þessari þróun fari þjónustan versn-



Fólk hefur lýst yfir mikilli ánægju með þetta fyrirkomulag hjá okkur og margir góðir fastakúnnar sem versla ekki á öðrum stöðum en hjá okkur.

Einar Freyr Bergsson

andi og verðin upp. Það er bara gömul mýta. Við leggjum gríðarlega mikið upp úr því að veita fagmannlega þjónustu og sanngjörn verð, við viljum að allir starfsmenn séu kunnugir vörumum og geti ávallt svarað öllum spurningum viðskiptavina okkar.“

Einar bætir við að margir spennandi hlutir séu í bígerð hjá Acan Wines.

„Við erum farin að horfa lengra fram í tímann í þessum málum og erum að vinna í stærðarinnar verkefni sem kemur til með að líta á dagsins ljós bráðlega.“ ■

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

Hagfræðingur segir að aðgerðir Seðlabankans séu farnar að bíta

magdalena@frettabladid.is

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 25,5 prósent á ársgrundvelli og hækkunin á þann mælikvarða hefur ekki verið meiri frá því í árslok 2005. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Þjóðskrá sem birtar voru í gær.

Bergþóra Baldursdóttir, hagfræðingur hjá Íslandsbanka, segir það vera greinilegt að aðgerðir Seðlabankans séu farnar að bíta talsvert og vísar þar til hækkandi vaxta og hertra skilyrða á lánamarkaði.

„Nú hefur íbúðaverð hækkað hæggar síðustu tvo mánuði en mánuðina á undan og einnig eru aðrar vísbendingar um það að markaðurinn sé farinn að róast. Vonandi sjáum við hægari hækkun á næstu mánuðum og þar til jafnvægi myndast,“ segir Bergþóra og bætir við að hafa þurfi í huga að íbúðaverð sé enn að hækka þó svo að hægja hafi tekið á hækkunartaktinum.

„Við teljum að íbúðaverð muni halda áfram að hækka á allra næstu mánuðum en hæggar en verið hefur. Það mun svo vonandi ná jafnvægi um mitt næsta ár og jafnvel fyrr með auknu framboði af nýjum íbúðum og dvinandi eftirspurn.“



Bergþóra Baldursdóttir, hagfræðingur hjá Íslandsbanka, segir að nýjar tölur frá Þjóðskrá séu í takt við væntingar þeirra.

MYND/ADSEND



Við teljum að íbúðaverð muni halda áfram að hækka á allra næstu mánuðum.

Bergþóra segir að tölurnar hafi verið í takt við væntingar Greiningar Íslandsbanka.

„Við bjuggumst við minni mánaðarhækkun en í júní og þetta eru góðar fréttir. Gögn fyrir næstu mánuði munu því líklega og vonandi staðfesta að það sé farið að draga úr eftirspurnarþrýstingi á íbúðamarkaði.“ ■

Ótækt að ríkið leiði almenna launaþróun



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars
@frettabladid.is

Formaður Viðskiptaráðs segir mikilvægt að elta ekki launahækkningar hins opinbera í komandi kjarasamningum. Hann kallar eftir auknu aðhaldi í ríkisfjármálum. Það hafi sjaldan verið jafn mikilvægt og nú.

Samkvæmt skýrslu kjaratölfræðinefndar hefur hið opinbera leitt launaþróun á Íslandi síðastliðin þrjú ár. Þannig voru heildarlaun árið 2021 að meðaltali hæst hjá ríkinu. Þá hefur grunntímakaup hækkað mest hjá Reykjavíkurborg frá árinu 2019, eða um 29,8 prósent.

Ari Fenger, formaður Viðskiptaráðs, segir ýmsa hafa varað við þessari þróun um nokkurt skeið, meðal annars Viðskiptaráð.

„Það sem við höfum einna helst gagnrýnt er að á meðan launavísitala á almennum vinnumarkaði hefur hækkað um 16 prósent þá hefur launavísitala opinberra starfsmanna hækkað um tæp 25 prósent.

Það er þetta sem við höfum áhyggjur af því það er ekki skynsamlegt að starfsmenn hins opinbera leiði launaþróun með þessum hætti. Það er alltaf heppilegra að einkageirinn geri það.“

Að hans mati verði almenn launaþróun, þar með talið hjá hinu opinbera, að vera í samræmi við framleiðnivöxt og verðbólgu-umarkmið Sedlabankans. Launahækkningar síðustu þriggja ára hjá hinu opinbera hafi verið órafjarri því. Síðustu ár hafi vissulega verið óvenjuleg en það gefi samt augaleið að það þurfi að taka á þessum auknu útgjöldum.

„Þetta er ekki eina orsök verðbólgunnar en við getum samt ekki haldið áfram á þessari braut. Það mun ekki skila okkur neinu og gerir stöðuna enn snúnari nú þegar við siglum inn í kjarasamninga í 10 prósentu verðbólgu.“

Ari segist meðvitaður um þær ástæður sem liggja að baki útpenslu



Að mati formanns Viðskiptaráðs hefur tekist vel til við að verja kaupmátt launa í gegnum faraldurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

ríkisins á undanförunum árum. Að baki liggja eðlilegar skýringar.

„Við höfum náð góðum árangri síðustu ár þrátt fyrir efnahagsleg áföll. Það má ekki gleyma því. Kaupmáttur launa hefur aukist um 8,6 prósent frá árinu 2019 og kaupmáttur lægstu launataxta hefur hækkað um 9,6 prósent sem ég held að megi segja að sé algjört einsdæmi. Það má hrósa því sem vel er gert. En við höfum einfaldlega verið að benda á mikilvægi þess að

gæta aðhalds í ríkisfjármálum. Það hefur sjaldan verið jafn mikilvægt og nú.“

Ein birtingarmynd launaþróunar síðustu ára, að mati Ara, er að fyrirtæki eigi sífellt erfiðara með að keppa við ríkið um starfsfólk.

„Við gerðum könnun hjá okkar aðildarfélögum í vor og þar kom fram að tæplega helmingur fyrirtækja er að missa starfsmenn til hins opinbera vegna launa. Þannig að það er klárlega ákveðinn flótti

úr einkageiranum yfir til hins opinbera vegna þessarar þróunar. Og það er eiginlega alveg ótrúleg staða og við þurfum að snúa þessu við.“

Hann leggur jafnframt áherslu á að ef grípa eigi til beinna aðgerða ríkisins í komandi kjaraviðræðum þá verði þær hófstílltar.

„Þá er mikilvægt að þær aðgerðir verði skýrar og beinist fyrst og fremst að þeim hópum launþega sem standa höllum fæti,“ segir Ari Fenger. ■



Það er ekki skynsamlegt að starfsmenn hins opinbera leiði launaþróun með þessum hætti.

Ari Fenger,
formaður
Viðskiptaráðs

Er vandræðalega forvitin að eðlisfari

■ Svipmynd

Hildur Leifsdóttir

Nám: Lögfræðingur frá Háskóla Íslands.

Störf: Lögmaður á Mörkinni lögmannsstofu hf. Þar áður lögfræðingur hjá Samkeppniseftirlitinu.

Fjölskylduhagur: Í sambúð með Tómasi Hrafni Sveinssyni lögfræðingi. Saman eigum við tvær dætur, Margréti Maríu og Gerði.

Hildur Leifsdóttir starfar sem lögmaður á lögmannsstofunni Mörkinni. Hún kveðst vera með fjölmörg áhugamál og er vandræðalega forvitin að eðlisfari.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Verandi með aðeins ofvirkari huga en meðaljóninn þá er svo margt sem heillar og fátt útilokað. Ferðalög, útivist, samvera með vinum og fjölskyldu, lestur, líkamsrækt og tónlist. Langmesta snilldin er þegar mér tekst að tvíanna þetta saman, til dæmis í ræktinni með mínum bestu konum, veiði með góðu fólki eða að syngja með snillingunum í Kvennakórnum Kötlu.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég er alæta á bækur og margar hafa setið lengi í mér af mismun-

andi ástæðum. Mér er algerlega ómögulegt að velja eina. Annars er best að ná í góðar bækur í bókaskaðinn hans Tomma sem bætir reglulega við mörgum góðum. Sú nýjasta heitir Life after life eftir Kate Atkinson. Mæli með.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Síðasta ár var mjög krefjandi og skemmtilegt bæði í vinnu og einkalífi. Við fjölskyldan fluttum í draumahúsið okkar eftir að hafa eytt tveimur árum í viðamiklar endurbætur. Það sér ekki enn fyrir endann á þeim en geðheilsan er hægt og bítandi á leið upp á við. Í vinnunni sérhæfi ég mig í samkeppnisrétti og var svo lánsóm að fá ýmis skemmtileg og flókin mál á því sviði á mitt borð sem ég lærði gríðarlega mikið af og naut þess að sinna.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Eins og alltaf er fjöldinn allur af krefjandi og spennandi málum fram undan hjá okkur á Mörkinni sem ég hlakka til að glíma við. Dæturnar eru að stíga sín fyrstu skref í skólakerfinu og ég legg mig fram við að taka þátt í þeirra lífi. Annars styttist ódfluga í fertugsafmælið og mér skilst að þá hefjist svokallaður Landvættakafli í lífinu. Að öllu gamni slepptu er helsta áskorunin að koma öllu því fyrir sem mig langar til að gera, bæði fyrir mig sjálfa og fjölskylduna.



Hildur segir að sínar eftirlætisborgir séu Kaupmannahöfn og París en hún getur ekki gert upp á milli þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Við hestaheilsu að njóta lífsins með fjölskyldunni minni og vinum.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ég er vandræðalega forvitin að eðlisfari, elska ráðgátur og íslensk-

ar sumarnætur, svo líklega hefði fornleifafræði steinlegið.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Það er einfaldlega ekki hægt að gera upp á milli Kaupmannahafnar og Parísar. Tvær borgir sem fá hjartað til að slá hraðar um leið og vélin lendir. ■

Uppgjör



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Töluverðar áhyggjur eru uppi um að ofriður í verkalyðshreyfingunni muni lita komandi samningagerð á vinnumarkaði með neikvæðum hætti. Því fer þó fjarri að á hinni hlið samningaborðsins ríki eilífar ástir. Þannig hafa fréttir af ofurlaunum og ríkulegum bónusum lykilstarfsmanna stærstu fyrirtækja landsins ekki aðeins vakið reiði og hneykslun verkalyðsins í landinu heldur hafa eigendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja líka fussað. Þeir vita að spjótum verður beint að þeim í komandi kjaraviðræðum.

Í grein í Viðskiptablaðinu í síðustu viku lýsir framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda þessum ótta og líkindum til þess að afleiðingar ofurlauna bitni harðast á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Í greininni skorar Ólafur Stephensen á stjórnir stórfyrirtækja að lækka ofurlaun og bónusa áður en sest verður að samningaborðum. Nú þegar komið er að birtingu álagningarskrár skattstjóra má búast við að launakjör helstu stétta og áhrifafólks í samfélaginu verði fréttæfni næstu daga. Samninganefndir þeirra stétta sem eiga lausa samninga fá því úr nægu að moða í heimavinnunni.

Gera þarf upp útspil ríkisstjórnarinnar vegna Lífskjarasamninganna, hvað hefur verið efnt og hversu vel var að því staðið. Fljótt á litid virðast málin sem setið hafa á hakanum einkum lúta að hagsmunum þess fólks á vinnumarkaði sem lakast stendur. Endurskoðun húsaleigulaga er enn á byrjunarreit og viðurlög gegn launabjórnaði og annarri brotastarfsemi gegn launafólki hafa enn ekki verið fest í lög. Þótt fjármálaráðherra hafi lýst litlum áhuga á aðkomu að samningagerðinni hlýtur sitjandi ríkisstjórn, sem skipuð er sömu flokkum og stjórnin sem liðkaði til fyrir Lífskjarasamningunum, að vera reiðubúin að horfast í augu við efndir þeirra loforða sem þegar hafa verið gefin.

Ýmsar nýjungar sem kynntar hafa verið á vinnumarkaði þurfa einnig endurskoðun. Efst þar á lista er stytting vinnuvikunnar, sem kemur helst vel út hjá opinberum starfsmönnum í þægilegri innivinnu.

Að lokum hafa daggæslumálin komið inn í upphitunartímabil kjaraviðræðna með krafti með svikum lofordum sveitarfélaga.

Því fer fjarri að verkalyðshreyfingin ein sé í vandræðum heima fyrir í aðdraganda kjaraviðræðna og ljóst að allir sem vettlingi geta valdið til að koma á góðum samningum í haust þurfa að taka sig saman í andlitinu. ■

” Því fer fjarri að verkalyðshreyfingin ein sé í vandræðum heima fyrir í aðdraganda kjaraviðræðna.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Þúsunda manna makar

Hvergi virðist snöggan blett að finna í starfsmannahaldi ríkisins. Virðast að minnsta kosti tveir skipa hverja stöðu og jafnvel fleiri ef um aðstoðarmann ráðherra er að tefla. Ráða verður minnst þrjú í slíka stöðu svo ráðherrann fari sér ekki að voða. Undantekningar má þó finna ef vel er að gáð. Það virðist til dæmis eiga við um er kemur að þeim starfa að forða gosgjörnu ferðafólki í þúsundatali frá að ganga í kviku jarðar í fjalllendiinu í Meradölum. Þá dugar að senda tvo fulltrúa ríkisvaldsins á vettvang. Sem er dálítið rýrt. Meira að segja landvættirnir í gamla daga voru fjórir.

Öfugsnúinir nautnabelgir

Hverjum öðrum en Íslendingum gæti fundist gott að láta okra á sér? Sama virðist hvar borið er niður; verð á bensini og áfengi er hærra en á öðrum byggðum bolum, bankar rukka ótal hugvitsamleg gjöld ofan á vexti sem eru mestir í okkar heimshluta og sjálfsagt víðar og tryggingafélögin standa svo sannarlega fyrir sínu í þessum efnunum. Helst virðist sem landinn hafi sérstaka nautn af því að borga riflegt yfirverð fyrir alla hluti því þannig fá menn þá tilfinningu að þeir séu ríkir – þangað til þeir eru komnir á hausinn og ekkert er eftir nema að borga þjónustugjaldið fyrir gjaldprotaskiptin. ■

Flugvöllur eða byggð



Hjálmar
Sveinsson
borgarfulltrúi
Samfylkingar

Viljið þið flugvöll eða byggð í Vatnsmýrinni? Þessa spurningu fengu oddvitar flokkanna sem buðu fram í borginni í vor rétt fyrir kosningar, á fundi sem samtök um bíllausan lífsstíl héldu. Allir nema einn svöruðu að þeir vildu frekar byggð en flugvöll. Sumir með fyrirvörum reyndar. Oddviti Miðflokksins, sá eini sem vildi frekar flugvöll en byggð, var frekar langt frá því að ná kjöri.

Niðurstaðan kom ekki á óvart. Það er nokkuð breið pólitísk samstaða í borginni um byggð í Vatnsmýrinni í stað flugvallar. Það sýna meðal annars úrslit fernra síðustu borgarstjórnarkosninga. Flokkar sem hafa lagst gegn því að í Vatnsmýrinni rísi byggð í stað flugvallar hafa ekki náð að mynda meirihluta.

Flugvöllurinn í Vatnsmýri hefur alla tíð verið umdeildur. Bjarni Benediktsson, borgarstjóri Sjálfstæðisflokksins, mótmælti harðlega árið 1940 þegar Bretar settu niður herflugvöll og helguðu sér 270 hektara svæði nánast í miðri borg. Gunnar Thoroddsen, borgarstjóri sama flokks, sagði á fundi í nóvember 1959 að bæjarstjórnin viðurkenndi ekki norður/suður flugbrautirnar á vellinum. Ekki kæmi til greina að „skipulag húsa í bænum ákvörðuðust af þeim“. Á fundinum var rætt um fyrirhugað ráðhús við Tjörnina. Á sama fundi stakk Sigurður Þórarinnsson jarðfræðingur upp á því að leggja Reykjavíkflugvöll niður og fá þannig svæði í Vatnsmýrinni fyrir nýjan miðbæ og reisa ráðhús við Öskjuhlíðina. Geir Hallgrímsson talaði í aðdraganda Aðalskipulags Reykjavíkur 1962–1983 mjög ákveðið um að flugvöllurinn færi í framtíðinni. Það var fyrir tæpum 60 árum!

Eftir hverju erum við að biða? Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030 gerir ráð fyrir að flugvöllurinn fari. Þar segir að í Vatnsmýrinni felist einstakt tækifæri til að gera Reykjavík að betri borg. Með uppbyggingu þéttar, blandaðrar byggðar verði Reykjavík sjálfbærari, hagkvæmari, fegurri. Grundvöllur verði lagður að nýjum vaxtarpól á sviði háskóla, rannsókna, hátækni. Hljóðvist í vesturhluta borgarinnar batni verulega. Hættan af flugi lágt yfir húsum borgarinnar hverfi. Gert er ráð fyrir 6.900 íbúðum og stórum almenningsgarði sem nær frá Hljómskálagarði niður í Skerjafjörð. ■

” Flugvöllurinn í Vatnsmýri hefur alla tíð verið umdeildur.

FRÉTTAVAKTIN
KL. 18.30

Fréttaumfjöllun fyrir alla í opinni dagskrá á virkum dögum á Hringbraut og frettabladid.is

FRÉTTA VAKTIN

HRINGBRAUT



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 17. ágúst 2022

Andlitsmynd af Birni Jóhannssyni
bónnda eftir Kjarval frá 1927.

MYND/LISTASAFN REYKJAVÍKUR

Mannamyndir Kjarvals

starri@frettabladid.is

Fyrsta miðvikudag í ágúst hófust vikulegar hádegisleiðsagnir um sýninguna Andlit úr skýjum – mannamyndir Jóhannesar S. Kjarval, sem er haldin á Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Það er starfsfólk Listasafns Reykjavíkur sem sér um leiðsagnirnar og í dag er það Halla Margrét Jóhannesdóttir, verkefnastjóri hjá Listasafni Reykjavíkur, sem leiðir gesti í gegnum sýninguna.

Andlitsmyndir Kjarvals hafa skipað veglegan sess á yfirlitssýningum á verkum listamannsins en hingað til hefur sjónum ekki verið beint sérstaklega að þeim.

Mörkuðu þáttaskil

Jóhannes Sveinsson Kjarval er einn ástsælasti listamaður þjóðarinnar og málverk hans og túlkun á náttúru Íslands skipa stóran sess í menningar- og listasögu landsins. Færri vita að hann hóf opinbera listamannsferil sinn árið 1923 sem máleri og teiknari andlitsmynda. Teikningar hans af íslensku alþýðufólki frá 1926-30 mörkuðu svo hin stóru þáttaskil á ferli hans.

Aðgöngumiði á safnið gildir. Frítt er fyrir handhafa Árskorts Listasafns Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.

Leiðsögnin hefst klukkan 12.15 og stendur yfir í um 20 mínútur. ■

Nánar á listasafnreykjavikur.is.POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSALOE VERA
MELTING & BÓLGUR

www.celsus.is



Nýja verslun Brandtex í Skipholti er glæsileg. Hér má sjá Berglindi Ásgeirsdóttur, eiganda Brandtex, láta fara vel um sig í hægindastól í nýju búðinni. Við hlið hennar til hægri situr Bryndis Sigurðardóttir. Fyrir ofan þær standa Laufey Jónsdóttir og Ásrún Traustadóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stórglæsileg opnunarhátíð í nýrri verslun Brandtex

Kvenfataverslunin Brandtex flytur sig um set en Brandtex, sem hefur verið starfrækt í Kringlunni undanfarin ár, opnar nýja verslun í Skipholti 33 á morgun, fimmtudag. **2**



Ný verslun Brandtex er til húsa í Skipholti 33.

Brandtex er danskt gæðamerki sem selt er í meira en 2.500 verslunum um allan heim. Vörumerkið tilheyrir BTX Group sem er einn af stærstu tiskuframleiðendum í Danmörku. BTX Group hefur verið leiðandi á Norðurlöndum á sviði vörumerkja og fatnaðar fyrir konur.

Í tilefni þess að verslunin flytur í nýtt húsnæði verður slegið upp heljarinnar veislu og stórglæsileg opunarhátíð verður dagana 18. til 21. ágúst. Þeir 30 fyrstu sem mæta á morgun fá veglegan kaupauka en í honum er meðal annars 5.000 króna gjafabréf í verslunina. Þá verða frábær opunartilboð þessa daga. Boðið verður upp á léttar veitingar, Sigga Kling mætir og spáir fyrir gestum og gefur gjafir, Bylgjan verður í beinni útsendingu og deilir út gjöfum og þá verður hægt að taka þátt í glæsilegu happdrætti þar sem vinningarnir eru meðal annars gjafabréf frá Ícelandair.

Haustlínan einstaklega falleg í ár
„Síðan við opnuðum verslun okkar í Kringlunni höfum við mikið heyrt á viðskiptavinum okkar, sem eru konur á besta aldri, að þær kjósi síður að fara inn í stóru mollin þar sem er mikill umgangur og mikið áreiti. Konurnar okkar kjósa frekar að gera sér ferð í verslun í úthverfi með minna áreiti og meira næði. Með minna áreiti og meira næði ættum við að ná að veita þeim enn betri þjónustu, þar sem við leggjum ríka áherslu á að veita góða þjónustu,“ segir Berglind Ásgeirsdóttir, einn eigenda Brandtex.

„Þegar tækifærið gafst til að færa okkur í úthverfi ákváðum við að



Hluti af vörum í happdrætti í tilefni opunarhátíðar Brandtex.


FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verslun okkar er hreint út sagt stórglæsileg og fallegu haustlitirnir eru alls ráðandi.

Berglind Ásgeirsdóttir

láta slag standa. Síðustu mánuðir hafa verið krefjandi við að flytja verslunina en nú loksins erum við klár og erum rosalega spennt að taka á móti konunum okkar og sýna þeim nýju og stórglæsilegu verslunina okkar í Skipholti.

Verslunin er hreint út sagt stórglæsileg og sjón er sögu ríkari. Hún skartar svo sannarlega sínu fegursta og fallegu haustlitirnir eru allsráðandi. Haustlínan hjá Brandtex er einstaklega falleg í ár. Þetta er upphaldstími ársins hjá okkur þegar við tókum inn nýju haustvörurnar eftir sumarið og útsölnar. Við bjóðum alla velkomna að kíkja til okkar í Skipholti 33, fagna þessum breytingum og upplifa frábæra stemmingu með okkur,“ bætir Berglind við. ■



Það er margt fallegt í boði fyrir viðskiptavinum Brandtex.

Orkubomba í útihlaupin sem bætir súrefnisupptöku

Ása Björg byrjaði að stunda útihlaup fyrir nokkrum árum. Hún segir það skipta miklu máli að neyta hollrar fæðu á áreynslutímabilum en bætir við að rauðrófuduftið frá ICEHERBS hjálpi sér að halda uppi orkunni í ströngum æfingatörnum.

Markaðssnillingurinn Ása Björg Tryggvadóttir féll gjörsamlega fyrir náttúruhlaupsportinu fyrir nokkrum árum og hefur vart farið úr hlaupaskónum síðan þá. Hún segir rauðrófuduftið frá ICEHERBS vera algert lykilatriði þegar kemur að því að styðja við hlaupin til að auka súrefnisupptöku og orku. Hún mælir sérstaklega með því fyrir þá hlaupara sem hyggjast taka þátt í Reykjavíkumaraþoninu að byrja að taka inn rauðrófuduft því það geti haft ótrúleg áhrif á orkuna.

Út að hlaupa allt árið um kring

Ása er dugleg að taka þátt í ýmsum hlaupavíðburðum og hefur meðal annars hlaupið Fimmvörðuháls, tekið þátt í Vesturgötuhlaupinu og margt fleira. Upphaldshlaupavíðburður Ásu Bjargar er þó Þórsmörkurhlaupið. „Það er engu líkt að koma í Þórsmörk á haustin þegar laufin eru í öllum regnbogans litum,“ segir Ása.

Ása stundar ekki bara útihlaup á sumrin heldur hleypur hún úti allt árið um kring. „Fyrst um sinn hljóp ég eingöngu úti á sumrin en undanfarin fjögur ár hef ég verið að æfa með Náttúruhlaupahópnum sem ég kynntist upphaflega þegar ég fór á frábært námskeið hjá þeim áður en ég hljóp Laugavegin. Síðan þá hef ég hlaupið úti allan ársins hring, hvernig sem víðar. Ég skipti bara yfir í hlýrri

föt, set undir mig mannbroddana og held út í frost og kulda. Þetta snýst aðallega um útiveru hjá mér.“

Kynntist ofurkrafti rauðrófunnar

Ása kynntist mögnuðum eiginleikum rauðrófunnar fyrir mörgum árum þegar hún byrjaði að hugsa betur um mataræðið, en rauðrófan er algert ofurfæði. „Ég varð ástfangin af rauðrófunni en fannst erfitt að eiga við hana, enda litur hún rosalega út frá sér og safinn á það til að leka um allt. Svo heyrði ég að rauðrófan fengist í duftformi og fór að blanda saman við vatn. Nú er tandurhrein og næringarrík rauðrófan fánleg í hylkjaformi frá ICEHERBS og hef ég verið að taka þetta inn reglulega síðastliðin þrjú ár. Hylkin henta mér virkilega vel enda er einfalt að gleypa þau daglega með vítamínunum og ég næ að taka þau inn mun markvissar en áður,“ segir Ása.

Rauðrófuduftið alger nauðsyn

Ása segist ekki vera mikil keppnismannskja en finnst þó mik-



Rauðrófur koma þér hraðar og lengra náttúrulega og eru því tilvaldar fyrir öll sem vilja auka æfingauðhald sitt fyrir reglulega íþróttaiðkun.



Ása Björg segir Þórsmörkurhlaupið vera í upphaldi og að haustið í Þórsmörk sé engu líkt.

Nú er tandurhrein og næringarrík rauðrófan fánleg í hylkjaformi frá ICEHERBS.

Ása Björg

ilvægt að setja sér hlaupamarkmið. „Þegar ég æfi fyrir sérstök langhlaup tek ég tímabil þar sem ég æfi þrisvar til fimm sinnum í viku. Þá finnst mér alveg nauðsynlegt að taka mjög reglulega rauðrófuduft frá ICEHERBS. Ég tek þetta inn

endrum og eins allt árið en passa mig að taka það inn daglega með æfingátímabilum. Það er ótrúlega mikilvægt að borða hollan og næringarríkan mat þegar maður er í svona törnum og rauðrófuduftið bæði eykur súrefnisupptöku og gefur mér auka orku. Ég finn mikinn mun á mér orkulega séð og ég verð síður búin á því og ofþreytt eftir erfiðar æfingar ef ég borða rétt og tek inn rauðrófuduftið.“

Rauðrófur, náttúruleg ofurfæða

Rauðrófur eru þekktar fyrir að bæta súrefnisupptöku og auka blóðflæði. Með auknu blóðflæði eykst snerpa, orka og úthald og því hafa rauðrófur slegið í gegn á meðal íþróttafólks. Rauðrófur koma þér hraðar og lengra náttúrulega og eru því tilvaldar fyrir alla þá sem vilja auka æfingauðhald sitt fyrir reglulega íþróttaiðkun. Þær eru einnig stútfullar af steinefnum, treffjum og vítamínunum og eru sönn ofurfæða. Rauðrófur eru gríðarlega andoxandi og hreinsa líkamann og styrkja ónæmiskerfið til muna. Ekki má gleyma því að aukið blóðflæði getur einnig virkað sem náttúruleg kynörvun fyrir bæði karla og konur. Rauðrófur eru sannkölluð heilsuþót.

Íslensk framleiðsla

ICEHERBS leggur áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem nýtast viðskiptavinum og að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Þá eru enn fremur engin óþörf fylliefni notuð. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri vefverslun ICEHERBS iceherbs.is.

Útivistin eflir sjálfstraustið og er andlegt vítamín

Helga Magnúsdóttir stefnir á að ganga Laugavegin næsta sumar. Til að ná því markmiði hefur hún skráð sig í gönguklúbb sem ætlar að ganga í allan vetur.

starri@frettabladid.is

Þótt Helga Magnúsdóttir eigi margar minningar úr æsku sinni tengdar gönguferðum með foreldrum sínum er stutt síðan útivistin varð hluti af lífsstíl hennar. Stóra markmið hennar næsta sumar er að ganga Laugavegin á fimm dögum og ætlar hún sér að nýta veturinn vel til að komast í gott gönguform. „Ég skráði mig í gönguklúbb hjá Ferðafélagi Íslands sem heitir FÍ Vaxandi en hann verður starfræktur í allan vetur og er helsta markmið hans að byggja upp gönguþol og styrk hjá þátttakendum fyrir næsta sumar. Hópurinn fer rólega af stað en smátt og smátt verða göngurnar aðeins meira krefjandi. Ég hlakka til að ganga reglulega, vera undirbúin fyrir göngur, finna innra með mér að getan sé til staðar og geta því notið þess að ganga næsta sumar.“

Draumur hennar er að geta dottið inn í nánast hvaða göngu sem er, vitandi að hún hafi getuna til þess. „Fyrir mig skiptir félagskapurinn líka miklu máli og það er alltaf gaman að kynna nýju fólki og upplifa sigra með öðrum.“

Mikill gleðigjafi

Helga segir útivistina efla sjálfs-



Helga Magnúsdóttir stefnir á að ganga Laugavegin næsta sumar. Hér er hún í Grjótdalsvarpi síðasta sumar.

MYND/ADSEND

traustið og vera hennar andlega vítamín. „Mér finnst gaman kynna landinu í návígi enda ekki hægt að skoða margar náttúruperlur nema að fara gangandi. Það er mjög gefandi að kynna þvi stóra og smáa í umhverfi okkar og sjá hvernig landið breytir um svip eftir árstíðum og veðri. Vindur, rigning og kuldi skipta engu máli ef maður er bara rétt klæddur.

„Ég hlakka til að ganga reglulega, vera undirbúin fyrir göngur, finna innra með mér að getan sé til staðar og geta því notið þess að ganga næsta sumar.“

Það gefur svo mikinn frið í sálina að ganga í náttúrunni og því er útivist mikill gleðigjafi í mínum huga.“

Vetrargöngur ekki síðri

Foreldrar Helgu eru mikið útivistarfolk og voru virk í Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs þegar hún var stelpa. „Ég þvældist því mikið með þeim þegar ég var yngri.

Útivistin hefur því alltaf fylgt mér en ég hef ekki sinnt henni jafn vel undanfarin ár og ég hefði viljað. Síðustu sumar hef ég stundað stopular göngur og farið á skíði á veturna.“

Með aldrinum segist hún þó hafa fundið meiri þörf fyrir að vera úti og hreyfa sig en Helga er 54 ára gömul. „Vetrargöngur voru lengi vel út úr myndinni þar sem ég taldi þær ekki fyrir hvern sem er. En eftir að ég tók þátt í verkefni hjá Ferðafélagi Íslands fyrir nokkrum árum komst ég að því að göngur í náttúrunni að vetrarlagi eru alls ekki síðri en sumar göngur. Ég hef því daðrað við útivist lengi en aldrei gert hana að mínum lífsstíl eins og mig hefur alltaf langað til.“

Með roða í kinnum

Fyrsta gangan í gönguklúbbnum er um miðjan september og síðan tekur við spennandi dagskrá næstu tíu mánuðina að hennar sögn. „Við munum einnig fá fræðslu um ferðahegðun, öryggi og hvernig á að undirbúa sig rétt fyrir lengri gönguferðir sem gerir mig enn betur undirbúna fyrir stóru gönguna næsta sumar.“

En þótt Laugavegurinn næsta sumar sé stóra markmiðið verður líka gaman að taka allar þessar styttri göngur í vetur og koma heim með roða í kinnum. Samhliða gönguklúbbnum vonast ég til þess að komast á gönguskiði og fara reglulega í sund auk þess að fara stuttar göngur í mínu nánasta umhverfi.“ ■

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 790 9021 og 698 1215

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

Nýjar 2-3 herb. íbúðir í Mörkinni 8, 108 RVK fyrir rólega og reglusama eintaklinga eða þór (plús 30 ára). Langtímaleiga. V. 250 þ. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 13-16.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Fasteignir



ÍBÚÐARLÓDIR OG LANDBÚNAÐARLAND TIL SÖLU!

8 hektarar fallett land með kofum og geymslum til sölu! Selst saman eða skipt upp! Uppl.820-5181

BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

 Hjálparstarf kirkjunnar

Til sölu



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

Munaskápar

 **MEGABLOK**

Búninga- og munaskápar

Fáanlegir í ýmsum litum - með læsingum og snertilásum
Stærð HBD - 1900x 1200 x 500



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

Velkomin í sýningarsalinn Draghálsi 4 - Sími 5351300 - verslun@verslun.is

5668 #

Litlu málin sem líka skipta máli – jafnvel miklu



Ole Anton Bieltvedt
samfélagsrýnir og
dýraverndarsinni

Eins og ég hef stundum greint frá, flutti ég með fjölskyldunni – eigin konu og fjórum fjórfættum sonum, þeir þrír tvífættu voru flognir úr hreiðrinu – til Þýskalands 1989.

Stuttu eftir að við höfðum komið okkur fyrir þar, keyrði ég frána í búð, þar sem okkur vantaði eitt-hvert smáræði. Ég er enginn sérstakur búðarmaður, og beið því bara í bílnum. Með bilinn í gangi, af gömlum og góðum islenzkum vana.

Eldri maður, vingjarnlegur og kurteis, bankaði þá lauslega í bíl-rúðuna hjá mér, sem ég opnaði auðvitað með bros á vör. Avarpaði hann mig með „Guten Tag, der Herr“, „Góðan dag, herra minn“, og sagði svo „Fyrirgefðu, það er bannað að vera með bíl í lausagangi“. „Nú er það?“ svaraði ég hálf hlessa.

Hvað var maðurinn eiginlega að fara? Hvers konar afskiptasemi var þetta eiginlega?

Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, og hafa menn áttað sig á ýmsu og lært nokkuð.

Auðvitað var loftmengun líka mál 1989, margir áttuðu sig bara ekki á því, hvað þá, að menn gerðu eitthvað í því. Undirritaður var ekki meðal ósýndugra.

Annað dæmi: Þegar maður beið við járnbrautarteina, meðan lest fór hjá, átti skilyrðislaust að drepa á bílnum.

Þar og þá var líka bannað, að aka á nagladekkjum. Þrátt fyrir svipaða vetrarveðráttu í Hamborg og hér, komumst við hjónin þó hjá óhöppum, slysum og öðrum vandræðum í umferðinni, á venjulegum vetrardekkjum, í 27 ár.

Ég hef aldrei skilið nagladekkja-æðið hér.

Heim til Íslands og í nútímann: Fyrir nokkru var ég í mínum morgunæfingum. Bý við nokkra umferð-argötu. Var með bæði svalahurð og glugga opna. Út að götu. Vildi njóta ferska loftsins við andlegt og líkamlegt puðið.

Þá kom þar að stór rúta, og lagði beint fyrir fram hjá okkur. Eitt var hávaðinn í bílnum, sem truflaði mig nokkuð í hugleiðslunni, en annað og verra var disilstækjan, sem smám saman flæddi inn í íbúðina, eins og þokulæða í dalbotn.

Bilstjórinn hafði sem sagt ekki fyrir því, að drepa á bílnum. Eftir nokkrar mínútur var stofan orðin full af disilfýllunni, ég kominn úr stuði í mikilvægum æfingunum, auðvitað búinn að loka hurð og gluggum, en of seint.

Alls stóð rútan þarna í um 15 mínútur, í blíðskaparveðri, alltaf í gangi.

Eftir þetta hef ég fylgst nokkuð með bílum og bílstjórum, sem leggja í götunni hjá mér og annars staðar.

Ef menn sitja í bílnum, og eru að bíða eftir einhverju eða einhverjum – tíma hjá lækni eða sjúkraþjálfara, viðtali við lögfræðing, tannfyllingu eða tanndrætti hjá tannlækni eða bara eftir því, að einhver komi inn í bilinn til þeirra, kannske eigin konan úr búð, eins og hjá mér, eða tengdó til að passa krakkana – þá bíða menn bara rólegir; með bilinn í gangi.

Safnast, þegar saman kemur, gleymist hér alveg, en auðvitað er þetta mest hugsunarleysi. Ekki er það ásetningur góðra manna að eitra blessað loftið að óþörfu. Versti þátturinn mun þó vera nagladekkjaæðið, sem er leyfilegt æði og stutt af lögreglu, sem framlengir gjarnan leyfilegan notkunartíma, reyndar án heimildar.

Yfir í símanotkun við akstur, þá mætti ég þremur bílum á Egilsgöt-

”

Versti þátturinn mun þó vera nagladekkja-æðið, sem er leyfilegt æði og stutt af lögreglu, sem framlengir gjarnan leyfilegan notkunartíma, reyndar án heimildar.

unni fyrir nokkru, bara á kaflanum milli Snorrabrautar og Barónsstígs, þar sem ökumenn voru allir galvaskir og hressir að tala í símann. Við þessu eiga vist með réttu að vera háar sektir, því svona aksturslag getur skapað stórfellda slyshættu, ekki bara fyrir málgláðan símanotanda, heldur líka fyrir aðra, sem álpast út í þessa umferð, með öllu þessu símaglaða fólki.

Hvernig gat það eiginlega lifað, áður en farsímar komu til sögunnar!? Og, hvernig má það vera, að allt þetta símasnakk í bílum viðgangist, þrátt fyrir gildandi boð og bönn?

Skýringin virðist einföld: Hér sést nánast aldrei nokkur lögreglu- maður í eftirliti í umferðinni, að leita að einum væri nánast eins og að leita að útilegumanni í Esjunni.

Þetta vita allir og menn fara því bara sínu fram; í símtöllum, hraða, bjórdrykkju fyrir akstur, nagladekkjaakstri eftir tíma og öðru atferli. Lausagangur er ekki bannaður, þykir bara finn.

Það er ágizkun undirritaðs, að, ef 5-10 lögreglumenn væru settir í að fylgjast með því, sem er þó bannað, og kærðu fyrir margvísleg umferð- arlagabrot, hér á höfuðborgar- svæðinu, gætu sektir borgað laun 5-10 lögreglumanna til viðbótar, og, það, sem meira væri, stóraukið öryggi og velferð í umferðinni. ■

Árið 2022 er tileinkað ungu fólki í Evrópu – Sumarhátíð 18. ágúst í Laugardalslauginni



Miriam Petra Ómarsdóttir Awad
sérfræðingur hjá
Rannís



Rúna Vigdís Guðmarsdóttir
forstöðukona
Landskrifstofu
Erasmus+ hjá
Rannís

Ungt fólk gegnir lykilhlutverki við að móta þá framtíð sem bíður komandi kynslóða. Framtíð sem einkennist af félagslegu réttlæti, sjálfbærni og stafrænni þróun. Til að auka vægi ungu kynslóðarinnar í umræðunni og beina sjónum að því sem skiptir hana mestu máli ákvað Evrópusambandið að árið 2022 yrði Evrópuár ungu fólksins.

Vegna Evrópuársins hafa verið skipulagðir um 4.000 viðburðir fyrir ungmenni og af ungmennum í Evrópu þar sem málefnin sem standa

hjarta þeirra næst eru í brennidepli. Hér á landi hefur Landskrifstofa Erasmus+, sem rekin er af Rannís, nú þegar veitt 3,4 milljónum króna í styrki til 18 viðburða eða viðburðaraða sem virkja að minnsta kosti 1.500 unga einstaklinga. Þessir viðburðir skapa vettvang til samtals um fjölbreytt viðfangsefni, svo sem loftslagsmál, stuðning við flóttafólk og geðheilbrigðismál.

Fimmtudaginn 18. ágúst verður gleðin allsráðandi í Laugardalslauginni því þar fer fram sumarhátíð ungu fólksins. Þarna mun ungt tónlistarfólk leika listir sínar meðan sundlaugargestir njóta ofan í laug eða uppi á bakka, því einnig verður opið inn á laugarsvæðið. Boðið verður upp á sætar veitingar, þjálfun í strandblaki og sundballett, fataskiptimarkað og upplýsingar um þau fjölmörgu tækifæri sem standa ungu fólki til bóða í Evrópusamstarfi á vegum Rannís.

Miklu máli skiptir að ungt fólk fái að taka virkan þátt í samfélaginu og hafa raunveruleg áhrif alltaf og alls staðar – ekki aðeins í tengslum við ákveðið ár eða átak. Þess vegna eru áætlanir eins og Erasmus+, European Solidarity Corps og Creative Europe til staðar. Þær gefa ungmennum tækifæri til að efla sig gegnum nám

”

Miklu máli skiptir að ungt fólk fái að taka virkan þátt í samfélaginu og hafa raunveruleg áhrif alltaf og alls staðar – ekki aðeins í tengslum við ákveðið ár eða átak.

og þjálfun, taka þátt í menningar- samstarfi þvert á landamæri, láta gott af sér leida gegnum sjálfboðastörf og þróa samfélagsverkefni þar sem þau finna sjálf leiðir til að takast á við áskoranir samtímans og koma þeim í framkvæmd.

Við hvetjum allt ungt fólk og fjölskyldur þeirra til að vera með í Evrópuári ungu fólksins, hvort sem það er með því að fagna í Laugardalnum, taka þátt í málefna- tengdum viðburðum yfir árið eða sækja um styrk í evrópska sjóði á vegum Rannís. Aðgangur í laugina er ókeypis og boðið verður upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá milli kl. 16 og 19. ■


Hvað er að fréttu?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttafréttir, viðskiptafréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann

frettabladid.is



Skyn og skynsemi



Þórólfur Matthiasson
hagfræðiprófessor
við Háskóla
Íslands

Í grein í Fréttablaðinu 15-7-2022 benti ég á að í athugasemd í ársreikningi sjávarútvegsfyrirtækisins Vísis hf. árið 2013 er eftirfarandi tekið fram (athugasemd númer 18): „Samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé félagsins neikvætt um EUR 12,8 milljónir og tap ársins nam EUR 1,07 milljónum. ... Stjórnendur félagsins telja að rekstur félagsins standi undir skuldbindingum þess og það sé því rekstrarhæft.“ Endurskoðendur vísa sérstaklega til þessarar staðhæfingar í áritun sinni án athugasemda. Þar með gera þeir staðhæfinguna að sinni án þess að kafa ofan í hvað standi á bak við orðin: „Stjórnendur félagsins telja að rekstur félagsins standi undir skuldbindingum þess og sé því rekstrarhæft.“

Endurskoðandi félagsins hefur nú ritad þrjár greinar í Fréttablaðið án þess að upplýsa á hvaða grundvelli hann vísar athugasemdalaust í fullyrðingu stjórnendanna. Í einni greininni segist hann hafa skrifað hjá sér minnisblöð, kannski eru þau enn í skjalaskáp Deloitte. Í viðtali við vefmiðilinn visir.is 28. júlí sl. segist endurskoðandinn ekki bera ábyrgð á fullyrðingunni, hún sé stjórnarmannanna, ekki hans! Samt vísar hann sérstaklega til fullyrðingarinnar í áritun sinni!

Það teljast vart hleypidómar þótt einfaldur hagfræðiprófessor spyrji hvað sé að marka orðið endurskoðanda sem í öðru orðinu rökstydur ákvarðanir sínar með tilvísun í athugasemd 18 og segist svo ekki hafa neina skoðun á fullyrðingum í athugasemd 18! Enn fremur má spyrja hvaða gagn sé eiginlega að endurskoðun sem felst í því, samkvæmt orðum endurskoðandans sjálf, að vísa til óska og vilja stjórnarmanna fyrirtækis sem samkvæmt rekstrarreikningi er rekið með tapi og samkvæmt efnahagsreikningi er með neikvætt eigið fé. Það ætti ekki að vera nóg fyrir endurskoðandann í slíku tilvikum að krotta nokkur orð á gulan miða, stinga í umslag og loka inni í skjalaskáp í turni í Kópavogi. En það virðist orðið að hinni íslensku endurskoðunarvenju þegar kemur að sjávarútvegsfyrirtækjum!

Skáldskaparmál

Endurskoðandinn kveinkar sér mjög undan þeirri ábendingu minni að bókfært eigið fé útgerðarfyrirtækja sé lítt upplýsandi um virði fyrirtækjanna. Hann beitir ýmsum vörnum: Að alþjóðlegir eða innlendir staðlar banni honum að gera betur. Sú fullyrðing stenst ekki eins og ég hef þegar bent á í fyrri grein. Þá er gripið til klassískrar varnar: Aðrir gera sömu villu í sama eða meira mæli.

Endurskoðandinn bendir á að eigið fé Apple og fleiri tæknifyrirtækja sé stórlega vanmetið í talnaefni í ársreikningi fyrirtækjanna. Skoðum málið, en rifjum fyrst upp að í grein í Fréttablaðinu 21.7.2022 leggur endurskoðandinn þunga áherslu á gæði þess regluverks sem mótar ársreikningagerð og endurskoðun. Samt er það svo að í þessu regluverki eru þversagnir sem reynt er að leysa úr með mis-skilvirkum hætti. Ein reglan er sú að óheimilt er að eignfæra óefnislegar eignir sem verða til innan fyrirtækis, en hins vegar er heimilt að eignfæra slíkar eignir séu þær keyptar af utanaðkomandi aðila. Þetta verður t.d. til þess að verðmat á vörumerkinu Smirnoff er eignfært hjá eigandanum Diageo en Baileys er þar ekki að finna þó svo Baileys sé mun verðmætara vörumerki (<https://brandfinance.com/insights/intangible-assets-a-manifesto>).

Bann við eignfærslu óefnislegra eigna sem verða til innan vébanda fyrirtækis kann að ýta undir van-



mat á verðmæti fyrirtækja á hlutabréfamarkaði og auðvelda herskæa yfirtöku gamalgroinna fyrirtækja, ef hinar „duldu“ eignir ýta undir vanmat á hlutabréfum fyrirtækisins (yfirtaka Kraft á Cadbury er nefnd sem dæmi). Reikningshaldsstaðlasmíðir gera sér grein fyrir þessum vanköntum, enda leyfilegt að ræða þá utan landsteina Íslands. Þess vegna eru reglur eins og þær sem settar eru í lögum nr. 102/2020 (og í kafla 2.1 í Leiðbeiningum reikningsskilaráðs um Upplýsingar í skýrslu stjórnar og framsetningu þeirra, 2022) þar sem stjórnendum fyrirtækja er uppálagt að gera grein fyrir atriðum sem ekki koma fram í talnaefni ársreiknings með öðrum og skýrum hætti. Þannig gerir t.d. Apple ítarlega grein fyrir framleiðsluvörum sínum, þjónustuframbóði, rannsóknar- og þróunarstarfsemi, mannaúdi o.s.frv. í innangangi ársskýrslu sinnar. Þá er gerð grein fyrir þróun á verði á bréfum félagsins sem aftur gefur upplýstum greinanda færi á að meta umfang óeignfærðra eigna sem felast í félaginu. Með þeim hætti er reynt að draga úr óæskilegum áhrifum reglunnar um að óefnislegar eignir þróaðar „innan húss“ á borð við notendaviðmót iPhone skuli ekki eignfært í ársreikningum. En ef reglan um að notendaviðmót iPhone skuli ekki eignfært hjá Apple er svona vitlaus af hverju lifir hún sínu lífi áfram, kann einhver að spyrja. Ástæðan er sára einföld. Það er erfitt, jafnvel ómögulegt, að finna markaðsverð á notendaviðmót iPhone eða vörumerki á borð við Coca-Cola. Eðli máls samkvæmt er bara eitt „eintak“ til af hverju þessara atriða, þó í mismunandi útfærslum kunni að vera.

Gjafagerningur eða hvað?

Víkjum þá að veiðiheimildum og íslensku reikningshaldi. Meðferð veiðiheimilda í bókhaldi hefur verið nokkuð sveiflukennd frá því kvótakerfinu var komið á. Endurskoðendur og fjármálastjórar sjávarútvegsfyrirtækja eru sjávarútvegsfyrirtækja og óefnislegar eignir, bókfærðu keyptan kvóta en ekki úthlutaðan kvóta. Fram til árslokka 1997 gátu sjávarútvegsfyrirtæki afskrifað keyptan kvóta og þannig lækkað skattgreiðslur sínar (<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/444651/>, <https://www.althingi.is/altext/115/s/0196.html>). Eðlilega voru menn í nokkrum vanda í árdaga kvótakerfisins, hvornig fara skyldi með eignfærslu kvótans. Lagaákvæðin voru tímabundin, en það breyttist með setningu laga um fisk-

veiðar (38/1990) er þar voru engin tímamörk sett á gildistíma laganna. En eftir 1990 hefur fjármálastjórar og endurskoðendur sjávarútvegsfyrirtækja átt að líta upp úr reikningum sínum og fara ofan í málið á prinsippgrundvelli. Í fyrsta lagi má spyrja hvort yfirhöfuð sé rétt að meðhöndla aflaheimildir með sama hætti í bókhaldi sjávarútvegsfyrirtækja og vörumerki eru meðhöndluð í reikningum framleiðenda neysluvarnarsins.

Eins og fyrr segir er enginn markaður til fyrir vörumerki Coca-Cola. Því er flókið að fá utanaðkomandi mat á verðmæti vörumerkisins sem sérfræðingar geta sammælt um. Þessi rök eiga ekki við um aflaheimildirnar. Þær ganga kaupum og solum á opinberum eða hálf-opinberum markaði og auðvelt er fyrir endurskoðendur og fjármálastjóra sjávarútvegsfyrirtækja að nálgast greinargóðar upplýsingar þar um. Það gilda því ekki sömu rök um meðferð veiðiheimilda og um notendaviðmót iPhone-síma í reikningum Vísis hf. annars vegar og Apple Inc. hins vegar.

Ef ekki er hægt að meðhöndla aflaheimildir með sama hætti og tæknipatent í ársskýrslu, hvað er þá til ráða? Það vill svo til að Alþjóðareikningsskilaráðið (International Accounting Standards Board) hefur gefið út leiðbeiningar í þessu efni: IAS 20 Accounting for Governmental Grants and Disclosure of Governmental Assistance. Grunnþóinn er að færa skuli verðmæti fjárhagslegs stuðnings og annarra verðmætra réttinda sem fyrirtækin fá afhent frá hinu opinbera í bækur viðtakandans (aflaheimildir ætti samkvæmt þessu að tekjufæra við afhendingu og eignfæra í efnahagsreikningi). Sömmuleiðis að færa skuli þessi verðmæti úr bókum fyrirtækisins afturkalli hið opinbera hin verðmætu réttindi.

Eftir þessu er ekki farið í tilfelli íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja! Það er freistandi að álykta sem svo að sjávarútvegsfyrirtækin hafi valið að horfa fram hjá leiðbeiningum Alþjóðareikningsskilaráðsins vegna þeirra skattalegu afleiðinga sem rétt meðferð úthlutunar aflaheimilda í ársreikningi hefði ella haft. Endurskoðendur fyrirtækjanna hafa síðan blessað þessa aðferðafræði stjórnenda fyrirtækjanna með áritun sinni, vissulega með góðri aðstoð Alþingis.

Sögulegur skáldskapur?

Í ársreikningi Vísis hf. fyrir 2020 kemur fram að verðmæti varanlegra aflaheimilda í árslok hafi

numið 90,6 milljónum evra. Hvernig varð sú tala til? Hvað segir hún okkur? Talan varð til við það að Vísir hf. hefur bæði keypt og selt aflaheimildir. Þegar varanlegar aflaheimildir eru seldar lækkar þessi tala. Vegna þess að úthlutaðar aflaheimildir eru ekki tilgreindar á þessum lið gæti sú staða komið upp að varanlegar aflaheimildir væru neikvæð stærð í efnahagsreikningi sjávarútvegsfyrirtækis í fullum rekstri! Ekki mikil skynsemi í slíkri reikningsfærslu.

En aftur að Vísir hf. Hafi fyrirtækið keypt aflaheimildir fyrir árslok 1997 voru þær afskrifaðar um 9% á ári fram til áramóta 1997. En eftir þau áramót hefur slíkt ekki verið heimilað. Færslan Varanlegar aflaheimildir í ársreikningi samanstandur því af afskrifuðum og óafskrifuðum keyptum aflaheimildum, þ.e.a.s. þar eru epli lögð að jöfnu við appelsínur. Þetta er jafn absúrd og hitt að möguleiki sé á að verðmæti aflaheimilda sjávarútvegsfyrirtækis í fullum rekstri sé neikvætt.

Lokaorð

Í 1. gr. laganna um fiskveiðistjórnun (38/1990) er kveðið á um að nytjastofnar við Íslandsstrendur séu sameign íslensku þjóðarinnar. Illa hefur gengið að gefa þeirri yfirlýsingu praktískt innihald þrátt fyrir eindreginn þjóðarvilja. Einfaldasta aðgerðin til að gera umrædda laga-grein virka er innheimta afgjalds fyrir afnot sjávarútvegsfyrirtækjanna af auðlindinni. Upphæð slíks afgjalds ætti að vera umtalsvert hærri en núverandi veiðigjald. Upphæðina er hægt að ákvarða annað tveggja með hefðbundnum hætti eða með uppboði aflaheimilda eða með blöndu af þessu tvennu.

Sjávarútvegsfyrirtækin beita afli sínu og fjármunum til að koma í veg fyrir að lausnir af þessu tagi nái fram að ganga. Endurskoðandi Vísis hf. leggur sitt af mörkum í þeim leik, meðvitað eða ómeðvitað, með kærri sinni til síðanefndar Háskóla Íslands. Ég óttast ekki umfjöllun síðanefndar sjái hún ástæðu til þess að fjalla efnislega um kærri endurskoðandans. En á meðan við biðum niðurstöðunnar í því máli ætla ég að biðja lesendur að taka annan snúning á Verbúðinni í spilara RÚV. Það er mun skemmtilegri umfjöllun um þessi mál en tuð mitt og útúr-snúningar endurskoðanda Vísis hf.

Kjarni máls: Verðmæti kvóta útgerðarfyrirtækja er vantalinn í ársskýrslum. Ástæðan kann að vera mistúlkun á alþjóðlegum reikningsskilareglum. ■



Kjarni máls: Verðmæti kvóta útgerðarfyrirtækja er vantalinn í ársskýrslum. Ástæðan kann að vera mistúlkun á alþjóðlegum reikningsskilareglum.

Hjálpaðu barni

Of mörg börn eru yfirgefin, án kærleiks og umönnunar.
Gefðu umkomulausu barni kærleiksríkt heimili og örugga æsku.
Vertu SOS-foreldri og fylgstu með uppvexti barnsins.

Skráðu þig á sos.is



SOS
BARNAPÖRPIN



BAUHAUS®



50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
GARÐHÚSGÖGNUM
SÓLHLÍFUM OG
SÓLHLÍFAFÓTUM
MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ



%



29.995,-
~~69.995,-~~

BOSCH
Bensín keðjusög
- Makita EA3201S35A.
- Afi: 1,7 HK.
- Lengd á blaði: 35 cm.
- Hámarks hraði: 18,9 m/s.
- Þyngd: 4,1 kg.

LAGER-HREINSUN



69.995,-
~~169.995,-~~

RYOBI
Sláttuvél 36V
- Ryobi RY36LMX51A-140
- Afi: 36 V 4,0 Ah
- Eiginleikar: 70 l safnskúffa
- Sláttubreidd: 51 cm
- Sláttuhæð: 7 stillingar
- Þyngd: 31 kg
- 4,0 rafhlaða og hleðslutæki fylgir með

LAGER-HREINSUN



19.995,-
~~49.995,-~~

BOSCH
Hekkklippur
- AHS 53-20 Li
- 18V 2,5 Ah Li-ion
- Lengd á sverði 53 cm
- Klippir allt að 20 mm. Þykkar greinar
- Rafhlaða og hleðslutæki fylgir

LAGER-HREINSUN



24.995,-
~~59.995,-~~

BOSCH
Rafmagnshekkklippur
- AdvanceHedgecut 65
- Kraftur: 450 W
- Sverðlengd: 65 cm
- Greinabykk: 34 mm
- Þyngd: 3,9 kg

%



9.995,-
~~19.995,-~~

BOSCH
Sláttuorf fyrir hleðslurafhlöðu
- Easygrasscut 18. Solo.
- 18 V
- Sláttubreidd 26 cm
- Hálf sjálvrikt spólukerfi
- Rafhlaða og hleðslutæki fylgja ekki
- Þyngd 1,7 kg

BAUHAUS

Tilboðin gilda eingöngu frá miðvikudeginum 17. ágúst til og með sunnudeginum 21. ágúst


MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
 LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
 SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

BAUHAUS
VIÐ
JÖFNUM
VERÐIÐ
 NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS



Hjá BAUHAUS færðu kerru lánaða án endurgjalds



30%

**AFSLÁTTUR AF CAMARGUE
 SKÄRGÄRD, SVANHOLM OG
 IQ BAÐINNRETTINGUM OG
 STURTUPLJUM**

MIDAD VIÐ ALMENNT VERÐ

AFSLÁTTUR GILDIR AF ÖLLUM VÖRUM
 Í SKÄRGÄRD BÆKLINGNUM



Hægt er að nálgast
 vörulista í verslun eða á
 bauhaus.is/bladid

25%

**AFSLÁTTUR AF
 ÖLLU PARKETI**

MIDAD VIÐ ALMENNT VERÐ



BERRY ALLOC

LOGOCLIC

kronoFlooring

b!design

TIMBERMAN

PARADOR

PERGO

moland

TIMBERMAN



20%

**AFSLÁTTUR AF
 ÖLLUM
 RAFMAGNSVERKFERUM
 FRA MAKITA**

MIDAD VIÐ ALMENNT VERÐ

Tilboðin gilda eingöngu frá miðvikudeginum 17. ágúst til og með sunnudeginum 21. ágúst

BAUHAUS

Merkisatburðir

1819 Jón Árnason, þjóðsagnasafnari fæðist.

1943 Robert De Niro leikari fæðist.

1946 Valgerður Þorsteinsdóttir verður fyrsta íslenska konan til að ljúka einkaflugmanns-prófi.


1970 Bandaríkin sökkva 418 taugagasgeymum í Golfstrauminn við Bahamaeyjar.

1980 Heklugos hefst en stendur aðeins í nokkra daga.

1982 Fyrstu geisladiskarnir fara á markað í Þýskalandi.

1998 Fjármálakreppan í Rússlandi hefst.

2017 Maður ekur sendiferðabil inn í mannfjölda á Römblni í Barcelona með þeim afleiðingum að þrettán látast.



Fjöldi fólks hefur lagt leið sína í Skálholt til að hlýða á Óskalög við orgelið, þegar mest hefur verið hafa mætt um hundrað manns.

MYND/ADSEN

Óskalög við orgelið í Skálholti

Óskalög við orgelið fara fram í Skálholtskirkju í kvöld. Lagalistinn er afar fjölbreyttur, allt frá Queen til Bach. Þá stendur einnig yfir söfnun fyrir flygli í kirkjunna.

birnadrofn@frettabladid.is

„Við byrjuðum á þessu í fyrrasumar og þetta varð strax mjög vinsælt,“ segir Jón Bjarnason, organisti í Skálholti, um viðburðinn Óskalög við orgelið sem fram fer í Skálholtskirkju klukkan átta í kvöld.

„Ég spila á orgelið og við erum með lista með yfir hundrað lögum sem fólk getur valið sér að heyrna og svo geta allir sungið með,“ segir Jón. Lagalistinn er sérlega fjölbreyttur en þar má meðal annars finna Söknuð Vilhjalms Vilhjalmssonar, Mamma Mia! frá Abba, Star Wars-þemalag og Triósonötu númer 1 í Es-dúr eftir Bach.

Spurður að því hvað sé vinsælasta lagið segir Jón svarið við því auðvelt. „Það er Vikivaki eftir Valgeir Guðjónsson, sem margir þekkja kannski betur sem Sunnan yfir sænn breiða, það er langvinsælasta lagið,“ segir hann.

„Þar á eftir kemur svo Bohemian Rhapsody með Queen, þarna sérðu strax hvað þetta er fjölbreytt,“ bætir hann við.

Jón segir að fjöldi fólks leggi leið sína í Skálholt til að hlýða á Óskalög við orgelið og syngja með. Mest sé það fólk úr sveitinni í kring en þó sé einnig algengt



Jón Bjarnason, organisti í Skálholti.

að fólk geri sér ferð þangað. „Þetta er mjög fjölskylduvænt og allir velkomnir,“ segir Jón.

„Það er mjög fjölbreyttur hópur sem kemur hingað og einu sinni kom meira að segja heill karlakór og tók nokkur lög,“ bætir hann við.

Jón segir það skemmtilega upplifun fyrir gesti að fá að heyrna ólíka tónlist hljóma á orgelið. „Orgel er svo magnað

”

Ég spila á orgelið og við erum með lista með yfir hundrað lögum sem fólk getur valið sér að heyrna.

Jón Bjarnason

hljóðfæri og er eiginlega eins og heil hljómsveit. Það er svo gaman fyrir fólk að heyrna annað en orgeltónlist og sálma spilað á það,“ segir hann.

Í Skálholtskirkju er orgelið tignarlega sem Jón talar um en í kirkjunni hefur aldrei verið píanó. Nú stendur yfir söfnun þar sem safnað er fyrir flygli í kirkjunna. Nýr flygill er sagður muna lyfta tónlistarlífi kirkjunnar í nýjar hæðir og auka framboð á mismunandi tónleikum í kirkjunni. Tekið verður við frjálsum framlögum í flygil-sjóðinn í kvöld svo þau sem vilja geta lagt söfnunni lið.

En hvað kostar nýr flygill?

„Hann kostar mjög mikið. Svona átján milljónir,“ segir Jón. „En við erum komin með yfir fimm milljónir svo það er góð byrjun,“ bætir hann við. ■

Þetta gerðist: 17. ágúst 1993

Almenningur fékk loks að skoða höllina

Á þessum degi árið 1993 var Buckingham-höll í London opnuð almenningi í fyrsta sinn. Elísabet Englandsdrottning ákvað að opna höllina og rukka gesti um aðgangseyri til að fjármagna enduruppbyggingu Windsor-kastala sem brann árið á undan.

Gert var ráð fyrir að um 7.500 manns myndu mæta og berja höllina augum þá daga sem hún var opin og höfðu yfirmenn hallarinnar gert ráð fyrir því að þegar dyrnar yrðu opnaðar biðu þúsundir manna fyrir utan. Raunin varð þó önnur og einungis um 900 manns biðu við dyrnar.

Þrátt fyrir að fjöldi gesta í höllinni ylli vonbrigðum eyddi hver og einn þeirra þar meiri tíma en búist hafði verið við og sala á minjagripum og gjafavörum fór fram úr björtustu vonum. Gestirnir keyptu tebolla, silki-bindi og kristalsglöms með myndum af konungsfjölskyldunni og með sölu þeirra muna kom meiri peningur í



kassann en með aðgangseyrinum. Flestir gestanna sem komu í höllina voru ánægðir og yfir sig hrifnir af íburðarmikilli höllinni. Það sem sætti

þó gagnrýni var að drottningin sjálf var hvergi sjáanleg. Daginn sem höllin var opnuð var Elísabet drottning við útför Baldvins Belgiukonungs. ■

Hér má sjá skemmdirnar sem urðu á Windsor-kastala í brunanum árið 1992.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Sigfús Valgarð Stefánsson
vélstjóri frá Hofsósi,

lést á Landspítalanum 11. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Gretti, Hofsósi, eða hjartadeild Landspítalans. Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjartadeildarinnar fyrir hlýhug í okkar garð.

Fanney Björk Björnsdóttir
og fjölskylda.



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Þorvaldur Sigurjón Helgason

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 29. júlí. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 19. ágúst kl. 15.00.

Helga Ingvarsdóttir

Bjarni Þór Þorvaldsson

Ingvar S. Þorvaldsson

Helgi B. Þorvaldsson

Rúnar Sólberg Þorvaldsson

Valdimar T. Þorvaldsson

Sólveig Þrúður Þorvaldsdóttir

og barnabörn og barnabarnabörn.

Anna María Bjarnadóttir

Elin H. Ragnarsdóttir

Helga Karlsdóttir

Adrian Estorgio

Reynir Þór Valgarðsson

og barnabörn.



+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,
Guðmundur Hansson

veitingamaður, Furuhjalla 5, Kópavogi,

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 5. ágúst. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 22. ágúst kl. 13.

Haraldur Guðmundsson

Albert Þór Guðmundsson

Stefán Guðmundsson

Bryndis Bjarnadóttir

Snædis Björt Agnarsdóttir

Guðbjörg Lilja Svavarsdóttir

og barnabörn.

Sæunn Halldórsdóttir

Sigrún Bryndis Hansdóttir

Hrund April Guðmundsdóttir



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Emil L. Guðmundsson

Skúlagötu 40, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 7. ágúst, verður jarðsunninn frá Langholtskirkju föstudaginn 19. ágúst nk. kl. 15.00.

Jóna Lára Pétursdóttir

Ellen Vestmann Emilsdóttir

Emil Emilsson

Steinunn Baldursdóttir

Guðný Baldursdóttir

Lilja Margrét Hreiðarsdóttir

og barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhannes G. Harðarson

MARKAÐURINN



MARKAÐURINN

MÍÐVIKUDAGA KL. 19.00 OG 21.00

Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber í efnahagslífinu hverju sinni.



HRINGBRAUT

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Sólheimar 90 ára þáttur um 90 ára afmæli Sólheima í Grímsnesi. Umsjón: Linda Blöndal.
- 20.00 Þórmörk - friðland í 100 ár - seinni þáttur (e) 2 þátta röð um sögu friðunar Þórmurkur og gömlu afréttanna sunnan Krossár. (e)
- 20.30 Fréttavaktin (e)
- 21.00 Markaðurinn (e)

RÚV Sjónvarp

- 07.30 EM í frjálsíþróttum Bein útsending frá keppni í Þýskalandi.
- 12.20 Eldhugar íþróttanna Chris Gayle
- 12.50 EM í frjálsíþróttum Bein útsending frá keppni í leiðslu og grjótglimu kvenna í Þýskalandi.
- 15.55 EM í sundi Bein útsending frá Ítalíu.
- 17.35 Meistarinn
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 TöluKubbar
- 18.06 Hæ Sámur
- 18.13 Lundaklettur
- 18.20 Lestrarhvutti
- 18.27 Skotti og Fló
- 18.34 Sjóræningjarnir í næsta húsi
- 18.45 Lag dagsins Joi Útherji - Bogomil Font.
- 18.52 Víkinglottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Með okkar augum
- 20.15 Keramik af kærleika Dreja - en kærlekshistoria
- 20.45 Hádegisspjall Lunsj
- 21.00 Versalir Versailles
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Louis Theroux. Lífið á ystu nœf Heimildarþáttaröð frá BBC í fjórum þáttum. Louis Theroux hefur alla tíð haft mestan áhuga á fólki sem er jaðarsett í samfélaginu. Hér lítur hann yfir farinn veg, skyggnist aftur í nokkur af þeim málum sem hvað mest hafa hreyft við honum. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
- 23.15 Ófærð II
- 00.05 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 How We Roll
- 15.25 Black-ish
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 Kenan
- 19.40 The Neighborhood
- 20.10 George Clarke's Remarkable Renovations
- 21.05 Transplant
- 21.55 Annika
- 22.45 Queen of the South
- 23.30 The Late Late Show
- 00.10 FBI
- 00.55 Yellowstone Dutton-fjölskyldan á stærsta búgarð Bandaríkjanna en landeign fjölskyldunnar liggur að verndarsvæði indíána og fram undan er barátta um peninga og völd.
- 01.40 Impeachment
- 02.25 The L Word. Generation Q
- 03.20 In the Dark

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn
- 08.20 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.25 Manifest
- 10.05 Dýraspítallinn
- 10.30 Spegill spegill
- 10.55 Kjötætur óskast
- 11.40 Einkalífið
- 12.05 Matargleði Evu
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 30 Rock
- 13.20 Ísskápastríð
- 13.45 Um land allt
- 14.25 Gulli byggir
- 15.05 Besti vinur mannsins
- 15.30 Lóa Pind. Bara geðveik
- 16.00 X-Factor Celebrity
- 17.05 Last Week Tonight
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.45 Sportpakinn
- 18.50 Ísland í dag
- 19.05 LXS
- 19.20 Backyard Envy
- 20.05 Cheaters
- 20.35 Coroner
- 21.20 Unforgettable
- 22.10 Girls5eva
- 22.30 NCIS. New Orleans
- 23.15 S.W.A.T.
- 23.55 Absentia
- 00.40 Animal Kingdom
- 01.20 The Mentalist
- 02.00 Manifest
- 02.45 30 Rock
- 03.05 X-Factor Celebrity

Markaðurinn með pulsinn á viðskiptalífínu

Venju samkvæmt verður gestkvæmt í sjónvarpsútgáfu Markaðarins á Hringbraut í kvöld en Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, verður þar á meðal að ræða rafvæðingu bílaflotans, sem gengur of hægt vegna skorts á bílum, en of hratt vegna skorts á innviðum. Þá verður einnig rætt við Fidu Abu Libdeh, stofnanda GeoSilica sem býr til fæðubótarefni úr ksilil. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT**
 1 stöðvun
 5 skordýr
 6 spil
 8 flækja
 10 stríðni
 11 stafur
 12 hermir
 13 höfdýr
 15 venjan
 17 kraumi

- LÓDRÉTT**
 1 skekkir
 2 bæli
 3 hylur
 4 tefja
 7 blanda
 9 blettur
 12 þefja
 14 er
 16 sýl

LÁRÉTT: 1 afbaki, 2 flé, 3 lön, 4 tálma, 7 emm, 12 apa, 13 asni, 15 reglan, 17 malli. LÓDRÉTT: 1 afbaki, 2 flé, 3 lön, 4 tálma, 7 emm, 12 apa, 13 asni, 15 reglan, 17 malli. samruni, 9 depill, 6 anga, 14 sem, 16 al.


Sudoku

3		9			2			
				7	5	6	9	
	5		8		4			7
	9	3	4		8			5
4	8	1			3			9
		7		6		3	4	
		8	5					
	3		1		9		5	
1				8				

					7	3		
7			6				9	4
		1	4					6
	4		2	5		8		
6						9	5	
	5	3		9				
				7				
		8				4		
5	6					2		1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Fimmtudaginn 25. ágúst kemur út sérblaðið

Húðvörur

Við skoðum heim snyrtivara og komum með góð ráð.

Boðið verður upp á flott viðtöl og fróðlega umfjöllun þar sem umhirða húðarinnar er í forgrunni.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon, markaðsfulltrúi
 Sími: 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Stofnaði alþjóðlega píanóhátíð á Patreksfirði



Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Bandaríski píanóleikarinn Andrew J. Yang fluttist á Patreksfjörð í miðjum heimsfaraldri þar sem hann stofnaði Píanóhátíð Vestfjarða, fyrstu tónlistarhátíðina á Vestfjörðum sem er tileinkuð slaghörpunni.

Andrew J. Yang er Bandaríkjamadur fæddur og uppalinn í Kaliforníu. Andrew hóf píanónám fimm ára að aldri og stundaði háskólanám í hljóðfæraleik við háskóla í Kaliforníu, þar á meðal doktorsnám við USC Thornton School of Music. Þegar heimsfaraldurinn skall á ákvað Andrew að söðla um og fluttist búferlum á Patreksfjörð.

„Ég var í doktorsnámi í USC í Los Angeles og hafði verið að spila mjög mikið. Þegar Covid skall á áttaði ég mig á því að allt slíkt var að loka þannig að í stað þess að bíða veiruna af mér í Kaliforníu ákvað ég að sækja um vinnu annars staðar þar sem væru minni samkomutakmarkanir. Ég sótti um störf á Íslandi og í Hong Kong og svo fékk ég vinnu á Patreksfirði og ákvað að flytja þangað. Ég ætlaði mér fyrst bara að vera þar í eitt misseri, tvö í mesta lagi, en síðan ákvað ég bara að vera hér.“

Andrew starfar sem píanó- og fiðlukennari við Tónlistarskóla Vesturbyggðar sem er starfræktur bæði á Patreksfirði og Bíldudal. Spurður um hvort honum finnst tónlistarlífið á Vestfjörðum vera blómlegt segir hann:

„Það er það klárlega á Ísafirði þar sem er mjög sterk tónlistarhefð og hér á Patreksfirði er það greinilega að byggjast upp. Sem dæmi þá er yfirmaður minn, skólustjóri tónlistarskólans Kristín Mjöll Jakobsdóttir, virkilega fær fagottleikari. Hún spilaði með Sinfóníuhljóm sveit Íslands, lærði við Yale og spilaði í Filharmóníusveit Hong Kong. Þannig að tónlistarlífið er virkilega að byggjast upp hér og börnin hér hafa mikinn áhuga á tónlist.“

Skorti lifandi tónlistarflutning

Að sögn Andrews fékk hann hugmyndina að því að stofna Píanóhátíð Vestfjarða þegar hann áttaði sig á því að á Patreksfjörð vantaði algjörlega lifandi tónlistarflutning á klassískri tónlist og djasstónlist en hann hefur sjálfur komið fram á fjölmörgum tónlistarhátíðum víða um heim, í Norður-Ameríku og Evrópu.

„Ég hugsaði með mér að það væri nokkuð áhugavert að á Íslandi væri engin píanóhátíð, hvað þá á Vestfjörðum. Mér fannst það hljóma eins og góð byrjun að stofna hátíð



Andrew J. Yang segir tónlistarlífið á Patreksfirði vera í blóma og vonast til þess að vekja athygli Vestfirðinga á píanótónlist.

MYND/ADSEND



Ungversk-bandaríski píanóleikarinn Peter Toth er meðal þeirra sem koma fram á Píanóhátíð Vestfjarða í vikunni.

MYND/ADSEND

hér og bjóða nokkrum af færustu píanóleikurum heims, kollegum mínum og fólki sem ég þekki, hingað vestur. Það gæti bæði verið frábært tækifæri fyrir fólkið sem býr hérna og sjálfa listamennina af því þetta er virkilega fallett svæði og ég held að listamennirnir geti fundið mikinn innblástur á stað eins og Patreksfirði,“ segir hann.

Heimsklassa píanóleikarar

Píanóhátíðin fer fram á Tálknafirði, Patreksfirði og Ísafirði og auk Andrews koma fram tveir þekktir tónlistarmenn sem hann hefur fylgst með frá unga aldri, suður-kóreski píanóleikarinn og tónskáldið Myung Hwang Park og ungversk-bandaríski píanóleikarinn Peter Toth.

„Ég hef þekkt Myung Hwang Park í nákvæmlega tíu ár en við spiludum saman á tónlistarhátíð á Spáni fyrir áratug. Í gegnum árin hefur hann þróast meira í áttina að því að vera tónskáld, hann kemur enn fram sem píanóleikari en hefur skapað sér feril sem tónskáld í París. Ég hef pantað verk frá honum og þannig höfum við haldið sambandi. Hann mun frumflytja nýtt píanóverk, Tales Under the Snow sem ég pantaði af honum, á hátíðinni,“ segir Andrew og bætir því við að Park sé eitt efnilegasti unga tónskáldið í dag.

Peter Toth er ungverskættadur píanóleikari sem hlaut nýlega bandarískan ríkisborgararétt. Þeir Andrew kynntust á tónlistarhátíð í



Sumt fólk er með ákveðnar fyrir fram gefnar hugmyndir um að klassískir tónleikar séu eitt-hvað voða alvarlegt og leiðinlegt.

Andrew J. Yang

Austurríki þegar sá síðarnefndi var fimmtán ára.

„Hann er um það bil tíu árum eldri en ég og hann er örugglega ein af ástæðunum fyrir því að ég varð píanóleikari. Ég man eftir því að hafa heyrt hann spila á tónleikum þegar ég var fimmtán ára, ég varð einstaklega snortinn og það virkilega hvatti mig til að leggja meiri metnað í að æfa mig á píanóið,“ segir Andrew og bætir því við að ferill Toth sé á miklu flugi um þessar mundir en hann mun koma fram á sínum fyrstu einleikstónleikum í Carnegie Hall eftir tvo mánuði.

Aðgengileg og tilfinningaleg

Er mikill áhugi fyrir píanóhátíðinni meðal Vestfirðinga?

„Ég held að það sé þegar ákveðinn hópur fólks sem hefur áhuga á svona viðburðum. En ég held að ein af hindrununum, sem eru meira að segja til staðar í stórum borgum, sé að sumt fólk er með ákveðnar fyrir fram gefnar hugmyndir um að klassískir tónleikar séu eitthvað voða alvarlegt og leiðinlegt. Þannig að það er viss áskorun að vekja athygli samfélagsins. En ég vona að í gegnum árin muni okkur takast að sýna fólki hversu aðgengileg þessi tónlist er og að hún er ekki tilgerðarleg heldur mjög tilfinningaleg,“ segir Andrew.

Píanóhátíð Vestfjarða fer fram 17. til 21. ágúst. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni, icelandpianofestival.com. ■

Framsækin hátíð ungra tónskálda

tsh@frettabladid.is

Tónlistarhátíðin Ung Nordisk Musik (UNM) fer fram í Reykjavík dagana 15. til 21. ágúst. UNM var stofnuð árið 1946 og er því ein elsta tónlistarhátíð sinnar tegundar. Hátíðin flakkar á milli Norðurlandanna og er þetta í tíunda skiptið sem hún er haldin hérlandis.

Markmið UNM er að kynna verk eftir yngstu kynslóð tónskálda og hljóðlistamanna frá Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum en í ár taka 39 tónskáld þátt frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi og Litáen. Þemað í ár er „co-structing“, nýyrði sem lýsir framsækinni sköpun sem byggist á þverfaglegu samstarfi úr ólíkum áttum.

„Þetta þema er sprottið af því að það hafa orðið ýmsar breytingar í tónsköpun bæði í stærra samhengi



Nítján tónskáld tóku þátt í fyrstu listamannavöl UNM í mars. MYND/ADSEND

og á þessari hátíð á síðastliðnum árum og áratugum. Sem hátíð sem styður við nýja tónlist höfum við náttúrlega verið svolítið mikið tengd við akademíuna og klassískar

tónsmíðar. En í gegnum árin sér maður að tónskáld vilja mörg vinna þvert á miðla,“ segir Sóley Sigurjónsdóttir, einn skipuleggjenda.

Að sögn Sóleyjar rimar þemað



Sóley Sigurjónsdóttir, einn skipuleggjenda UNM

vel við íslensku tónlistarsenuna en samsköpun og samvinna tónskálda og tónlistarflytjenda hefur lengi verið óaðskiljanlegur hluti hennar.

„Mér finnst Ísland svo sérstakt í þessu að því leytir að það eru allir svolítið í öllu og snerta á mismunandi flötum. Við erum að reyna að tækla það að tónskáld eru ekki bara tónskáld heldur líka flytjendur og kannski líka að mála myndir eða gera mismunandi hluti,“ segir hún.

Í aðdraganda hátíðarinnar í ár var haldin sérstök listamannavöl

á Íslandi í mars í fyrsta sinn í sögu UNM.

„Þar voru 19 tónskáld sem bjuggu til 18 ný verk sem verða svo frumflutt núna á hátíðinni. Þetta var listamannavöl sem var sérstaklega miðuð að samstarfi á milli tónskáldanna eða við flytjendur eða að vinna á skemmtilegum stöðum,“ segir Sóley.

Á UNM 2022 munu áhorfendur upplifa fjölbreytt úrval nýrrar tón- og hljóðlistar en hátíðin er haldin víðs vegar um höfuðborgarsvæðið í hefðbundnum rýmum á borð við Mengi, Iðnó og Tjarnarbió, auk óhefðbundinna rýma á borð við Rauðhóla og Gróttuvita. Dagskráin samanstendur af 24 viðburðum, tónleikum, sýningum, pallborðsumræðum, kynningum, örvinnustofum og vettvangsferðum. Nálga má dagskrána í heild á heimasíðu hátíðarinnar: ungnordiskmusik.is. ■



Halldóra Pöll hefur meðal annars leikið í Eurovision-myndinni The Story of Fire Saga og Verbúð en tekur nú sviðið í Pleasance Dome í Edinborg sem tilkumumikil Frigg á Edinburgh Fringe-hátíðinni. MYNDIR/JANE HOBSON

Frigg rokkar í æsilegum blóðlínudansi

Leikkonan Halldóra Pöll leikur Frigg og er eini Íslendingurinn í söngleiknum Blóðlína The Viking Musical sem er að rokka hressilega á Edinburgh Fringe-hátíðinni. Hún kom á hólminn vopnuð íslenskum menningararfi sem kom sér vel þegar dýpka þurfti skilning leikhópsins á íslenskri tungu og norrænni goðafræði.

toti@frettabladid.is

„Ég held að þau hafi kannski bara viljað fá svolítið skandinavísk áhrif á stykkið og það heppnaðist bara mjög vel og var ansi fyndið því allir í teyminu eru Bretar nema ég,“ segir leikkonan Halldóra Pöll Þorsteins um Blóðlínu, nýjan, rokkþungan söngleik á Edinburgh Fringe-hátíðinni.

„Lögin eru öll frumsamin og hópurnir eru yfir höfuð hæfileikasprenjja. Við erum ellefu, sem leikum og spilum á hljóðfæri, ásamt höfundunum sem höfðu ekki mikinn tíma til að rannsaka hlutina þannig að við hin gátum alveg sjálf haft mikil áhrif á sýninguna og ég kom sérstaklega með tungumálaþekkinguna og norrænu goðafræðina sem ég hef yfir höfuð mikinn áhuga á.“

Taktfastur vopnaburður
Konur eru í forgrunni annars nokk-

Blóðlína

Söngleikurinn gerist í bænum Birka einhvers staðar á Norðurlöndum í kringum árið 900 og fjallar um víkingasysturnar Magnhildi og Ingiríði sem takast á um hvor taki við leiðtogahlutverkinu að föður þeirra látum.


Mikið liggur við þar sem óvinir ógna bænum og íbúarnir þurfa að verja litla bæinn sinn og tilverurétt um leið gegn ofurefli þannig að hjörtu og sverð munu brotna. Afskipti goðanna Friggjar, Þórs og Loka eru svo til þess að flækja málin enn frekar en þeir tveir síðarnefndu eru sagðir halda gríninu gangandi á bassa annars vegar og rythma-gítar hins vegar.

uð hefðbundins víkingadrama í Blóðlínu og Halldóra, sem leikur gyðjuna Freyju og fleiri hlutverk, segir söngleikinn ekki síst keyrðan áfram af æsilegum bardagaatriðum í bland við þungarokk og þjóðlagatónlist.

„Það er rosalega mikið stuð og mjög gaman að gera þetta og það sem gerir þessa sýningu ansi byltingarkennða er að við erum að berjast á sviðinu í takt við lögin sem eru sungin.“



Systur munu berjast í Blóðlínu þar sem stiliserað vopnagamur leysir hefðbundin dansatriði af hólmi. MYND/JANE HOBSON



Sverð og skildir eru því á lofti með tilheyrandi djöfulgangi þar sem Halldóra segir að bardagar yfirtaki hefðbundinn söngleikjadans í ansi flottum og flóknum atriðum.

Fallið í frjóan jarðveg

„Þetta er frábær sýning og við erum að fá mjög góð viðbrögð og meðmæli frá áhorfendum og mjög góða dóma og ég held að fólk sé að verða ansi spennit fyrir þessu út af því að þetta er alveg svolítið sérstakt út af fyrir sig,“ segir Halldóra sem hefur meðal annars bæði verið sögð bera af sem „rokkjellan“ Frigg og að söngur hennar, í anda Jesus Christ Superstar, sé besta lagið í sýningunni.

Halldóra Thoell, eins og hún kallar sig á erlendri grundu, lærði í London en býr á Íslandi um þessar mundir þótt hún gæti í lengst eitthvað úti ef vel gengur. „Eins og staðan er núna sýnum við herna í Edinborg út mánuðinn en það er verið að stefna á tús um Bretland á næsta ári. Það væri alger draumur,“ segir Halldóra og bætir við að stefnt sé á að gefa tónlistina í sýningunni út almennilega á plötu og að hóp-söfnun sé í gangi fyrir útgáfunni og frekari útrás Blóðlínu. ■



Þór og Loki láta bassann og gítarinn tala þegar þeir hlutast til um málefni þorps-búa.



Vígvellurinn er blóði drifinn enda átökin hörð þar sem hjörtu jafnt sem sverð bresta og brotna.

Slöpp tenging en annars fínasta framkvæmd

TÓNLIST

Aldous Harding Hljómahöll í Reykjanesbæ

Nina Richter

„Má þetta?“ var það sem ég hugsaði þegar ég sá myndband með nýsjálfensku tónlistarkonunni Aldous Harding í fyrsta sinn. Hún er ein af fáum listamönnum sem tekst að miðla nærveru í gegnum slíkt myndband. Sú nærvera er hrá og einlæg. Hún virkar óhrædd, sem er ótrúlegur og afvopnandi seiður. Enginn filter.

Tónlist Aldous Harding er tónlist sem gagnrýndur tónlistartimarita

skrifa einna mest um. Útsetningarnar eru lærðar og listaháskólagengnar, og sungnu línurnar eru ljóð sem myndu sæma sér í hvaða útgáfu sem er. Það kemur lítið á óvart að fyrri plötur hennar, Party og Designer, hafi hlotið einróma lof gagnrýnenda. Þetta er sú tegund tónlistar sem fólk sem vinnur við að skrifa um tónlist, elskar að elska.

Nýjasta plata Harding, Warm Chris, er ekki slæm plata. En það háir henni að koma á eftir tveimur frábærum. Tónleikarnir í Hljómahöll í Reykjanesbæ voru liður í tónleikaferð Warm Chris og það fannst vel á áhorfendum að fæstir voru komnir til að heyra eitthvað annað



Aldous Harding í Berlín 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

en stærstu smellina The Barrel og Zoo Eyes.

Meðalaldurinn í húsinu var um fertugt. Flestir þekktu nokkra, margir þekktu marga og þetta var svolítið eins og að vera í stórafmæli. Flestir höfðu ferðast frá sama frimerkinu.

Kærasti Aldous, velski tónlistar- maðurinn H. Hawklina, sem einnig spilar í bandinu með Aldous, tók rosalega langa upphitun og fólkíð sem hafði komið snemma með rútu frá BSÍ virtist geispa nokkuð mikið yfir upplifun sem líktist karóíkí- kvöldi fyrir einn.

Þegar Aldous steig á svið, látlaus með tagl í hárinu klædd svörtum kjól, upphófst sýning sem var öllu

risminni en ég hafði vonað. Hún er frábær söngkona og flutningur nánast fullkominn, en hún beitti sér lítið fyrir einlægri tengingu við áhorfendur. Þegar það gerist eru áhorfendur sviknir um sameiginlega hópupplifun: hún segir, ég tengdi, við tengjum. Þessi svakalega seiðmagnaða persóna setti þannig vegg milli sviðs og áhorfenda. ■

NIÐURSTAÐA: Tónleikar Aldous Harding í Hljómahöll voru fínir en ekki mikið umfram það. Náðina skorti þó að rýmið væri lítið. Það er kannski betra að hlusta bara á tónlistina í góðum heyrnartólum á meðan maður spilar Sims.

ÚTSALA

20-70% afsláttur

Fatnaður
Reiðhjól
Tjöld
Bakpokar
Svefnpokar
Gönguskór
og margt fleira



Everest

MJÚKIR DAGAR



20% afsláttur

af öllum rúnum
og mjúku
deildinni*

*Mjúka deildin samanstendur af dýnum, sængum, koddum, rúmfötum, lökum, sloppum, dýnuhlífum, mottum, inniskóm og handklæðum.



Fáðu fréttirnar fyrst um tilboð, afsláttarkóða eða aðgang að útsölum á undan öðrum með því að skrá þig á póstlista Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn rætast

Verð og vörupólýsingar fanglýsingunni eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Neil Gaiman gríðarlega sáttur við Sandmanninn

Sjónvarpsaðlögun Netflix af The Sandman, einu vinsælasta verki myndasöguhöfundarins Neil Gaiman, er í 3. sæti hjá streymisrisanum á Íslandi og höfundurinn segist stoltur af því hvernig langþráð aðlögunin hefur tekist.

ninarichter@frettabladid.is

Fantasíuþættirnir The Sandman á Netflix eru með þeim mest streymdu á Íslandi í dag. Þeir byggja á myndasögum Íslandsvinarins Neil Gaiman, sem komu út frá 1989 til 1996, í 75 heftum. Sagan hverfist um Draum, eða Morpheus eins og hann er einnig kallaður. Draumur er konungur draumanna. Hann er einn af hinum sjö „Endalausum“, og er jafngamall mannlegri tilvist. „Hin endalaus“ eru holdgering grunnfyrirbæra sem varða mannlegt líf. Auk Draums eru Daudinn, Þráin, Örlögin, Örvænting, Ferring og Tor-tíming.

Seinfær framleiðsla

Tilraunir til að kvikmynda söguna má rekja til ársins 1991 en það var ekki fyrr en um 2013 sem hjólin hófu að hreyfast fyrir alvöru þegar David Samuel Goyer kom að verkefninu. Goyer sá er þekktastur fyrir handritavinnu við Blade-myndirnar, Batman-myndir leikstjórans Christopher Nolan og fleiri stór myndasögutengd kvikmyndaverkefni, auk þess að vera einn aðalhandritshöfundur fyrir Call of Duty tölvuleikjarisann.

Goyer fékk stórleikarann Joseph Gordon-Lewitt með í verkefnið, en hann hafði í hyggju að túlka aðalpersónuna og hugsanlega leikstýra þáttunum einnig. Samstarfið fór út um þúfur árið 2016. Gordon-Lewitt sagði sig frá verkefninu og Warner Bros, eigandi framleiðsluréttarins, beindi sjónum sínum að sjónvarpsaðlögun í staðinn. Samningar náðust við Netflix árið 2019 og tókur fóru fram í miðjum heimsfaraldri.

Þetta er langt frá því að vera í fyrsta skipti sem verk Gaiman eru kvikmyndað eða áhrif úr sagnaheimi höfundarins notuð í formið. Nýleg dæmi eru sjónvarpsþættirnir American Gods, Good Omens og Lucifer.

Sáttur við sitt fólk

Neil Gaiman hefur lýst yfir mikili ánægju með The Sandman. Í samtali við bandaríska tímaritið Variety mærir hann Tom Sturridge og segir meðal annars frá því að nafn Toms,



Tom Sturridge fer með hlutverk Morpheusar, aðalpersónu The Sandman.

NETFLIX/SKJÁSKOT



Reynt hefur verið að koma Sandman á skjáinn frá 1991 og það tók því þrjú áratugi.

sem leikur aðalpersónuna, hafi komið upp í fyrsta tölvupóstinum um leikaravalið. „Svo hittum við fimmtán hundruð eða tvö þúsund Morpheusa en enginn þeirra var Tom. Hann hafði réttu nærveruna og hann sannfærði okkur alveg um að hann væri margmilljarða ára gömul vera, einhver sem var til í draumum fólks og ekki mennskur,“ segir höfundurinn í viðtali við bandaríska tímaritið Variety við frumsýningu á stiklu þáttanna í Los Angeles fyrr á árinu.

„Leikhópurinn, tökuliðið og framleiðendurnir, algjörlega allir sem komu að þessari framleiðslu, elska Sandman og gáfu sig alla í þessa þáttaröð,“ segir Neil Gaiman við erlenda fjölmiðla.

Grét yfir sjötta þætti

Aðspurður sagði hann að sjötti þátturinn hefði komið sér mest á óvart.

„Ég grét þegar ég horfði á sjötta þáttinn. Þegar ég horfði á þáttinn nást fullkláraðan, áður en við gengum endanlega frá tækniþrellunum. Ég áttaði mig skyndilega á því að tárin láku niður kinnarnar.“

Gaiman segist hafa velt vöngum yfir því, hvernig hann gæti grátið yfir eigin skáldskap. „Hvernig gat ég grátið yfir orðum sem ég skrifaði sjálfur í myndasögu fyrir þrjátíu og eitthvað árum síðan? Hvernig getur þetta eiginlega hreyft við mér tilfinningalega?“ spyr höfundurinn. „En þetta náði mér alveg rosalega. Það kom mér mjög á óvart að ég gæti upplifað mig meðal áhorfenda gagnvart verki sem ég bjó sjálfur til,“ segir hann.

Önnur þáttaröð líkleg

Hvað framhaldið varðar hefur Netflix ekki enn þá staðfest aðra þáttaröð með formlegum hætti. Þó þykir mjög líklegt að af henni verði. Einn af framleiðendum þáttanna, Allan Heinberg, sagði í samtali við bandaríska miðilinn Entertainment Weekly að undirbúningur fyrir handritagerð seinni þáttaröð væri hafinn. Í sömu grein fullyrðir blaðamaðurinn Josh Rosenberg að næsti kafli í sögunni um Morpheus sé jafnan talinn sá allra besta í sögunni um Sandmanninn. ■

Töfrastund í hverfulum sumaryl

toti@frettabladid.is

„Mætingin fór fram úr öllum vonum,“ segir stuðþingmaðurinn Jakob Frímagnússon sem tókst með lagni að fá Bjarka Tryggvason til þess að syngja aftur í sól og sumaryl eftir áratuga þögn í sumarfögnuði Flokks fólksins á sunnudaginn.

„Allar dætur Bjarka, ásamt barnabörnum, óku norður til að upplifa þessa óvæntu endurkomu föður síns og heimamenn létu sig sannarlega ekki vanta og fögnuðu ákaft endurkomu Bjarkans,“ heldur Jakob áfram og bætir við að stappfullt hafi verið



Jakob og Bjarki í skýjuðum sumaryl á sunnudaginn.

MYND/SKAPTI/AKUREYRI.NET

á Café Lyst og ýmsir þurft frá að hverfa.

Upphaflega stóð til að gleðin yrði í Lystigarði þeirra Akureyringa en þegar á reyndi lét sumarylurinn á sér standa og Bjarki söng því innandyra. Jakob segir skemmtilega tilviljun að Gylfi Ægisson hafi samið lagið í Lystigarðinum fyrir nákvæmlega hálfri öld. „Og að sá lögreglu- maður sem sendur hafði verið á staðinn til að fjarlægja þennan ölv- ada mann með gítar skuli hafa verið ungur verðandi séra Pálmi Matthí- asson sumarafleysingamaður gerir þetta enn þá skemmtilegra,“ segir Jakob, kominn á söguleg mið. ■

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson guðmundur@torg.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen andres@frettabladid.is, Auður Hünfjörð audur@frettabladid.is, Reynir Elis Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RADAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



GEFÐU GJÖF TIL HEILLA
HEILLAGJAFIR.IS

Barnaheill

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU

AKU
trekking & outdoor footwear

AKU skórnir
eru framleiddir
á Ítalíu úr 100%
evrópskum íhlutum
og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma,
100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði
(grjótvörn) sem hentar
vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur
aukna mýkt niður í sólan

AKU Exoskeleton,
innan- og utanfótarstuðningur

Náttúruvænt hágæða
leður, LWG vottað

Reimalæsing, sithvor
stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli sem heldur
jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt
Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

Stingum af...



AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♂♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15



Bakþankar



Láru G. Sigurðardóttur

Nostalgía

Tilverukrísan hefur bankað reglulega upp á þessa dagana. Miðaldra horfi ég um öxl og er engu líkara en klukkan hafi gengið á margföldum hraða síðustu tuttugu árin. Tíminn frá því að ég gekk með fyrsta soninn og þar til allir þrír eru orðnir ungir sjálfbjarga menn leið bara allt of hratt. Nýr raunveruleiki blasir við sem ég var engan veginn undirbúin fyrir. Á sama tíma og við erum frjáls frá smábarnastússinu fanga minningar frá æskuárum barnanna hugann.

Í nýfengnu frelsinu upplifi ég söknuð. Síðustu viku þræddum við hjónin slóðir á Ítalíu, þær sem við áður tókum börnin með á. Tömlegt aftursætið í bílaleigubílnum rifjaði upp gauragang og „hvað er langt eftir?“ spurninguna vantaði. Það voru engin óvænt pissustopp og enginn litill bílveikur kútur.

Maðurinn minn minnti mig á að við skiptum á bleyjum í samtals sjö ár, oft við krefjandi aðstæður. Við burstuðum líka tennur, klæddum, skutluðum, sóttum, mötuðum, böðuðum, háttuðum, lásam fyrir og svæfðum. Hugguðum og hughreystum. Það var sjaldan sumarfrí frá þessum verkum.

Líklega er það náttúrulegt að upplifa tómléika þegar börnin vaxa úr grasi. Nýleg rannsókn sem birtist í Nature sýndi að ákveðin heilasvæði sem tengjast félagsvirkni geta rýrnað þegar við verðum miðaldra, þá mest hjá þeim sem upplifa sig einmana en minnst hjá þeim sem eiga gott félagsnet. Ætli partur af tómléikanum sé einmitt skortur á virkni í heilasvæðum sem virkjast þegar við eigum í samskiptum við börnin okkar?

Nostalgía er dýrmæt tilfinning því hún minnir á allt það góða sem lífið hefur fært okkur. En lífið heldur áfram og næsta æviskeiði fylgja ný ævintýri, sem síðar verða vonandi að nýrri nostalgíu. ■



Ævintýri um tröll og menn, ofurhetjur, smákríli og dreka!

Umskiptingur

Eftir Sigrúnu Eldjárn með tónlist eftir Ragnhildi Gísladóttur.

Sýningar hefjast 27. ágúst



Tryggðu þér besta verðið með leikhúskorti!

leikhusid.is



pappír
umhverfið
prentun



LITRÓF
UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is